# FRÉTTABLAÐIÐ

96. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 18. MAÍ 2021

20 ÁRA




Varnargarðar eru nú í smíðum í Geldingadölum. Varnargarðarnir tveir eiga að hraun renni niður í Nátthaga en þaðan ætti hraunið nokkuð greiða leið niður á Suðurstrandarveg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þroskahamlaðir ekki í forgangi

ingunnlara@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér finnst þetta mikill skandall og ég hef áhyggjur af því að fatlað fólk bara gleymist,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir sem var bólusett í gær eftir að hún hringdi í Heilsugæsluna til að minna á sig. Hún segir að upplýsingagáttin Heilsuvera sé ólæsileg fyrir margt fatlað fólk.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir þroskahömlun sem slíka ekki vera forsendu fyrir forgangi.

Alma Möller landlæknir segir dýrmætt að heyra sjónarmið Steinunnar og tekur undir með henni um að aðlaga megi kerfið betur þörfum fatlaðs fólks. – SJÁ SÍÐU 4

# Um fjórtán milljónir í sektir

Lögregla hefur sektað einstaklinga og fyrirtæki um 13,6 milljónir króna fyrir sóttvarnabrot, þar af hafa sektir upp á 850 þúsund krónur verið felldar niður.

mhj@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Greiddar hafa verið tæpar 4,4 milljónir króna í sektir við sóttvarnabrotum frá því í mars í fyrra til dagsins í dag. Sektir upp á tæpar 8,5 milljónir króna eru í vinnslu eða í innheimtumeðferð. Þetta kemur fram í svörum ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Algengasta sektarupphæðin var 50 þúsund krónur, en næstalgengast var að sektin væri 100 þúsund eða 250 þúsund krónur. Lægsta sektin var 20 þúsund og sú hæsta 350 þúsund. Felldar hafa verið niður sektir upp á 850 þúsund krónur. Alls hefur því verið sektað fyrir rúmar 13,6 milljónir króna.

Flestar sektirnar eru frá því í fyrra, eða 9,9 milljónir króna. Þar af eru sektir upp á 6,5 milljónir króna í vinnslu eða í innheimtuferli.

Frá 1. mars í fyrra til 20. apríl síðastliðins voru skráð 312 brot gegn sóttvarnalögum í málaskrá lögreglu. Af þeim hafa aðeins 90 farið í sektarmeðferð. Um er að ræða mál 85 einstaklinga og fimm fyrirtækja.

Meðal brotaflokkanna sem um ræðir eru brot á reglum um sóttkví, einangrun er ekki sinnt þrátt fyrir smit, brot á sóttvarnalögum, brot á reglum um fjöldasamkomur og brot á reglum um lokun samkomustaða. ■

**»**

**Frá 1. mars í fyrra til 20. apríl síðastliðins skráði lögregla 312 sóttvarnabrot, þar af var sektað fyrir 90. Algengasta sektarupphæðin er 50 þúsund krónur.**

## Kvarði sem metur loftslagsstefnur

thorvaldur@frettabladid.is

**ALÞINGISKOSNINGAR** „Okkur finnst nauðsynlegt að loftslags-, og umhverfismál almennt, verði í brennidepli í komandi kosningum, enda veltur framtíð okkar allra á heilbrigðu loftslagi og lífríki,“ segir Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna sem gáfu í gær út kvarða til að meta stefnu stjórnmálaflokkanna í umhverfismálum.

Tinna telur að umhverfis- og loftslagsmál muni vega þungt hjá Íslendingum í kosningum í haust og að kvarðinn muni gagnast stjórnmálaflokkum við að móta og endurskoða stefnu sína í þeim málum. – SJÁ SÍÐU 6






Vel var tekið á móti Blinken við komuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Blinken og Lavrov leiddir saman

thorgrimur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Mikill viðbúnaður er vegna komu Antonys Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Íslands. Blinken kom til landsins í gærkvöldi til þess að sækja ráðstefnu Norðurskautsráðsins ásamt utanríkisráðherrum hinna aðildarríkjanna.

Auk Blinken mun Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sækja ráðstefnuna. Áætlað er að Blinken og Lavrov fundi sín á milli og verður það fyrsti fundur ráðamanna Bandaríkjanna og Rússlands frá því að Joe Biden settist á forsetastól í janúar.

Samskipti Bandaríkjanna og Rússlands hafa verið stirð síðustu ár vegna ýmissa deilumála á borð við afskipti Rússa af kosningum í Bandaríkjunum, vígbúnað Rússa við landamæri Úkraínu og fangelsun stjórnarandstæðingsins Alexeis Navalnís. ■

## Risavaxnar rennibrautir



Framtíð þjóðarinnar brunar hvergi bangin niður spænsku fánalitina. Einhverjir hafa eflaust tekið eftir þessu uppblásna ferlíki við Perluna þar sem stærsti hoppukastali Íslands hefur verið reistur. Í honum má ýmist bjóða þyngdaraflinu birginn eða taka því fagnandi í risavöxnum rennibrautum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ríflega fjórðungur landsins nú friðlýstur

linda@frettabladid.is

**NÁTTÚRUVERND** Ríflega fjórðungur landsins er nú friðlýstur og eru friðlýstu svæðin orðin 122 talsins, á 26.676 ferkílómetrum. Þetta kemur fram í ársskýrslu Umhverfisstofnunar sem kynnt var í gær.

Átak hefur verið í friðlýsingum síðan árið 2018 og í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar um fjölgun friðlýstra svæða. Mörg ný svæði hafa verið friðlýst og alls sjö í fyrra.

Svæðin eru ólík landslagsverndarsvæði, eins og í Þjórsárdal, Geysissvæðið, Goðafoss, Búrfell, Búrfellshraun, Selgjá og Kerlingarfjöll.

Jarðminjar, líffræðileg fjölbreytni og menningarminjar eru verðmætin í Þjórsárdal, Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar, Goðafoss er einn af vatnsmestu fossum landsins. Einnig er jarðminjar, sem eru sérstakar á landsvísu, að finna innan Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár og hrauntraðir, gjár og misgengi eru mjög áberandi í landinu, auk merkra menningarminja, segir í skýrslunni.

Síðast var svo staðfest friðlýsing Kerlingarfjalla sem er fjallabálkur á miðhálendi Íslands sem ber öll einkenni megineldstöðvar og er þar eitt fjölbreyttasta hverasvæði landsins.

Öll þessi svæði eiga það sameiginlegt að vera vinsælir ferðamannastaðir eða útivistarsvæði og er friðlýsingunum ætlað að styðja við það hlutverk. ■


## TIL SÖLU ÚR ÞROTABÚI

Ýmis skrifstofubúnaður svo sem skrifborð, skrifstofustólar, fundarborð, tölvur, skjáir, prentarar, snjallsímar og búnaður á kaffistofu og í eldhús er til sölu úr þrotabúi Teatime ehf., kt. 610617-1070, Laugavegi 26, Reykjavík.

Framangreindar eignir þrotabúsins verða til sýnis og sölu á starfsstöð hins gjaldþrota félags á 5. hæð Laugavegar 26, Reykjavík (gengið inn frá Grettisgötu) á eftirfarandi tímum:
**Fimmtudaginn 20. maí nk. milli kl. 11 - 16.**
**Föstudaginn 21. maí nk. milli kl. 11 - 16.**

**Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri þrotabúsins,**
Kristinn Bjarnason hrl. Sími 516-4000 og netfang kristinn@lagastod.is.


# Vinnudagurinn getur verið ótrúlega langur í Rotterdam

Lovísa Tómasdóttir, búningahönnuður Gagnamagnsins, segir að lítið sé hægt að gera annað en að vinna frá morgni til kvölds í Rotterdam. Hún vaknar snemma og fer seint að sofa. Hún segir að spennan sé mikil fyrir atriðinu og hrósar Hollendingum í hástert.

benediktboas@frettabladid.is



Lovísa á hótelinu þar sem hún sér hluta Rotterdam. Íslenski hópurinn fær lítið að gera annað en að vera á hótelinu eða í keppnishöllinni. MYND/GÍSLI BERG

**EUROVISION** „Ég skil hreinlega ekki hvernig Hollendingar geta gert þetta. Eurovision er svo stórt og með svo mörgum löndum sem hafa marga aðila innan sinna raða en samt er allt hér upp á tíu. Það er eiginlega magnað að verða vitni að þessu,“ segir Lovísa Tómasdóttir, búningahönnuður Gagnamagnsins.

Gagnamagnið tók með sér töluvert af göllum til Rotterdam, meðal annars heilgallann fræga frá því í fyrra og ofurhetjubúningana úr myndbandinu. Þau hafa notað gallana við einhver tilefni og það er því töluverður hamagangur í öskjunni þegar Lovísa tekur til starfa, kvölds og morgna. „Ég byrja snemma að gufa og strauja og græja og gera og svo kemur maður heim á hótelið eftir daginn og þá þarf kannski að þrífa eitthvað. Vinnudagurinn getur því verið ansi langur. Þau eru sex í Gagnamagninu og það þarf því að huga að ýmsu,“ segir Lovísa.

Hún viðurkennir að það blundi örlítill Eurovision-nörd í sér, hún hafi yfirleitt alltaf horft en geti ekki nefnt neinn gamlan sigurvegara eða neitt slíkt. „Ég hef ótrúlega gaman af Eurovision og klárlega fer margt í reynslubankann úr þessari ferð.“

Lovísa segir að það sé þægilegt að vinna með Gagnamagninu. Þar sé ekki mikið vesen. „Þau eru yndisleg. Ég held að það sé ekki til auðveldari hópur að vinna með. Þau eru aldrei með neitt vesen. Þegar við vorum að vinna búningana þá höfðu þau alveg skoðanir á hinu og þessu en svo leyfa þau mér að gera mitt sem er yndislegt.“

> ” Ég byrja snemma að gufa og strauja og græja og gera og svo kemur maður heim á hótelið eftir daginn og þá þarf kannski að þrífa eitthvað.
>
> Lovísa Tómasdóttir

Lovísa telur að Daði muni fljúga upp úr riðlinum á fimmtudag enda sé atriðið þannig og umtalið í kringum hópinn á þann hátt að allir í Evrópu þekki lagið hans. „Að vera úti í sal og sjá atriðið hjá Gagnamagninu er ótrúleg upplifun. Ég fæ gæsahúð allan tímann því þetta er svo flott hjá þeim. Það eru allir ótrúlega spenntir fyrir þeim, sem maður finnur vel þegar maður er á staðnum. Ég held að allir fjölmiðlar Evrópu vilji fá þau í viðtal og það er spenna í kringum hópinn. Ég er mjög spennt fyrir fimmtudeginum og svo laugardeginum,“ segir hún.

Þrátt fyrir að vera í Rotterdam er varla hægt að segja að Lovísa og Gagnamagnið hafi skoðað borgina. Þau fengu að fara í örlitla bátsferð um helgina en að öðru leyti eru þau annað hvort á hótelinu eða í keppnishöllinni. „Við megum ekki fara á kaffihús eða veitingastaði eða annað. Það er bara þessi göngutúr í kringum hótelið. Það eru strangar reglur sem maður þarf að fylgja og það gengur mjög vel enda allt skipulag upp á tíu,“ segir búningahönnuðurinn. ■

TOYOTA C-HR HYBRID

# BÍLL Í C-HRFLOKKI




**Verð frá: 5.490.000 kr.**

**Nýr Hybrid = 100% afsláttur**
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

ICELANDAIR

Söluráðgjafar okkar eru í C-HRlega góðu skapi þessa dagana. Láttu sjá þig, þeir taka óvenju vel á móti þér.

100.000. kr. gjafabréf* frá Icelandair fylgir öllum nýjum Toyota C-HR til 1. júní.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA | SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum. Birt með fyrirvara um villur.

# Aðlaga megi kerfið þörfum fólks með þroskahömlun

ingunnlara@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér finnst þetta mikill skandall og ég hef áhyggjur af því að fatlað fólk bara gleymist,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir sem var bólusett í gær eftir að hún hringdi í Heilsugæsluna til að minna á sig.

Steinunn Ása segir þroskahamlaða fullorðna einstaklinga hafa gleymst í röðun í bólusetningar og að upplýsingagáttin Heilsuvera sé ólæsileg fyrir marga fatlaða.

„Ég held að þetta hafi verið óvart en ég fékk ekkert sms en átti að fara í bólusetningu fyrir löngu,“ segir Steinunn Ása.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir þetta byggt á misskilningi, greiningin þroskahömlun sem slík sé ekki forsenda fyrir forgangi. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir tekur í sama streng.



Steinunn Ása Þorvaldsdóttir.

„Þessi hópur var tekinn inn á sambýlum og svo hefur hann verið tekinn í heimahúsum. Þegar við erum að tala um forgangshópa þá erum við að tala um einstaklinga sem geta farið illa út úr Covid. Þroskahömlun ein og sér er kannski ekki áhættuþáttur fyrir slæma Covid-sýkingu nema að þroskahamlaðir geta verið með aðra sjúkdóma sem setja þá í forgang,“ útskýrir Þórólfur.

Steinunn Ása ræddi einnig við Ölmu D. Möller landlækni um hvernig best væri að aðlaga kerfið öllum. „Þetta er svo ólæsilegt kerfi. Ég veit til dæmis ekki í hvaða röð ég er eða hvaða hópi ég tilheyri, hvort ég hefði átt að fara í bólusetningu í gær eða fyrir viku. Ég þurfti að berjast fyrir því að komast í bólusetningu,“ segir Steinunn Ása.

Landlæknir segir dýrmætt að heyra sjónarmið Steinunnar og tekur undir með henni, að það megi aðlaga kerfið betur þörfum fatlaðs fólk. „Það er án efa rétt að það þarf að efla upplýsingamiðlun til þeirra sem eru með þroskahömlun,“ segir Alma. ■

## ÁTVR fer fram á lögbann á verslun

lovisaa@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, fer fram á lögbann á hendur vefverslunum sem selja áfengi í smásölu til neytenda hér á landi. Hyggst verslunin í kjölfarið höfða dómsmál og kæra slíka starfsemi til lögreglu.

Arnar Sigurðsson, vínkaupmaður og eigandi frönsku vínbúðarinnar Santewines SAS sem ætluð er Íslendingum, kvartaði í síðustu viku til Neytendastofu yfir því að ÁTVR noti nafnið Vínbúð yfir rekstur verslana sinna. Samtök verslunar og þjónustu telja að verslun Arnars sé lögleg vegna ákvæða EES-samninganna um frjálst flæði vöru.



Arnar Sigurðsson vínsali.

Varðandi beiðni ÁTVR segir Arnar að hann velti fyrir sér að hverjum lögbannsbeiðnin beinist. „Það er væntanlega gegn franska aðilanum sem er að selja vínin og þá veltir maður því fyrir sér hvar þau munu stoppa því það eru margar netverslanir í heiminum og svo er það líka þannig að öllum sem starfrækja netverslanir á Evrópska efnahagssvæðinu ber skylda til að selja til Íslands og til annarra landa,“ segir Arnar.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að málið snúist um að skýra hvað megi og hvað megi ekki.

„Það er alveg ljóst að við teljum að eitthvað standist ekki lög á meðan aðrir telja að það standist lög og þá er dómstólaleiðin sú sem er fær,“ segir Sigrún Ósk. ■

# Bjartsýn á að bólusetningar gangi vel og takmörkunum verði senn aflétt

**Stefnt er að því að bólusetja 24 þúsund manns í vikunni með efnum frá Moderna, Pfizer, Jansen og AstraZeneca. Framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HH er bjartsýnn á að áætlanir gangi eftir. Hraðar hefur gengið að bólusetja karla en konur.**

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Stefnt er að því að bólusetja 24 þúsund manns gegn Covid-19 í vikunni. Notaðar verða allar fjórar tegundir bóluefna sem í boði eru hér á landi. Um tólf þúsund manns fá bóluefni frá Pfizer og skiptast skammtarnir jafnt í fyrri og seinni bólusetningu. 1.500 einstaklingar fá bóluefni frá AstraZeneca og um sjö þúsund frá Moderna. Þá fá fjögur þúsund manns bóluefni frá Jansen, einungis eina sprautu þarf af því efni til að ná fullri bólusetningu.



Nú þegar hafa verið gefnir yfir 200 þúsund skammtar af bóluefnum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir bólusetningar hafa gengið vel. Í Laugardalshöll verði gefnir um 16 þúsund skammtar í vikunni. „Þannig að þetta er alveg ágætis vika,“ segir hún.

Hraðar hefur gengið að bólusetja karla en konur, til að mynda er nú þegar búið að bólusetja alla karlmenn sem tilheyra forgangshópi sjö. Það eru karlmenn með undirliggjandi sjúkdóma og áhættuþætti vegna Covid-19.

Ragnheiður segir ástæðuna vera þá að bóluefni AstraZeneca sé ekki gefið konum yngri en 55 ára. Þá hafi þeim konum sem þegar hafi fengið fyrri sprautuna af efninu verið boðin seinni sprauta með bóluefni frá Pfizer, það hægi einnig á bólusetningum hjá öðrum konum sem annars hefðu fengið Pfizer. „Endurbólusetningar taka svolítið stóran toll, það er yfirleitt helmingurinn af bólusetningunum sem við erum að vinna með,“ segir hún.



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Aðspurð segir Ragnheiður að borið hafi á því að konur sem fengið hafi eina sprautu af AstraZeneca kvíði því að fá seinni sprautu með öðru bóluefni. Hún segir það þó gert víðar en á Íslandi. Þá hefur það einnig komið upp að konur sem fengið hafa fyrri sprautuna af Astra–Zeneca hafi neitað þeirri seinni. Spurð að því hvort nægileg vörn náist með einni sprautu segir Ragnheiður mikla vörn felast í einni sprautu en að ástæða sé þó fyrir að sprauturnar séu tvær.

„Í einni sprautu er líklega jafn mikil vörn og þegar við erum að vinna með flensubólusetningar þannig að við erum að teygja okkur langt í vörninni með því að gefa tvo skammta og það er bara frábært,“ segir Ragnheiður.

Stefnt er að því að nú í síðari hluta maí verði um helmingur þjóðarinnar búinn að fá fyrri skammt bólusetningar. Þá er áætlað að fjöldatakmarkanir fari úr 50 manns í 100-1.000 manns og að fjarlægðartakmarkanir verði einn metri.

Áætlað er að í síðari hluta júní hafi 75 prósent þjóðarinnar fengið einn skammt af bóluefni og þá er stefnt að því að öllum takmörkunum innanlands verði aflétt. Ragnheiður segist bjartsýn á að þessar áætlanir gangi eftir.

„Ef allt gengur eins vel og hefur gengið þá er ég bjartsýn á að við fáum frekar eðlilegt sumar,“ segir Ragnheiður. „Við erum að vona að við náum að keyra þetta svolítið núna fyrir sumarið líka svo að okkar fólk komist í sumarfrí, það eru allir orðnir langþreyttir eftir veturinn.“ ■




ÍSBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep



Krafmikil og mögnuð rafmagnsvespa frá
enox.®
Hentar 13 ára og eldri - Ekkert skellinöðrupróf
Engar dýrar tryggingar - Græn og umhverfisvæn
25 km hraði - Drægni 150 km
3903100
Rafmagnsvespa ENOX EM215-2
199.900 kr
án skráningarkostnaðar
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
Enox EM215-2. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 150 km. Graphene rafgeymir tryggir endingu í minnst 1.000 hleðslur. 100% hleðsla á 3-4 klst.
Nett og nútímaleg hönnun sem hefur vakið mikla athygli. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvæn farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun.
enox.® enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI
Fást aðeins í Húsasmiðjunni

# Meta loftslagsstefnu stjórnmálaflokkanna

Ungir umhverfissinnar hafa gefið út kvarða sem verður notaður til þess að meta stefnu stjórnmálaflokkanna í umhverfis- og loftslagsmálum fyrir komandi alþingiskosningar. Flokkunum verður gefin einkunn á skalanum 0-100 á þremur sviðum; loftslagsmálum, náttúruvernd og hringrásarsamfélagi.

thorvaldur@frettabladid.is

**ALÞINGISKOSNINGAR** Ungir umhverfissinnar gáfu í gær út kvarða til að meta stefnu stjórnmálaflokkanna í umhverfis- og loftslagsmálum. Kvarðinn er hluti af verkefninu Sólin en að baki því stendur þverfaglegt teymi skipað Aðalbjörgu Egilsdóttur líffræðingi, Esther Jónsdóttur stjórnmálafræðingi og Sigríði Guðjónsdóttur félagssálfræðingi. Þær munu rýna í stefnu flokkanna yfir sumarið og gefa þeim einkunn á skalanum 0-100 út frá ýmsum þáttum er varða umhverfis- og loftslagsmál. Stefnt er að því að kynna niðurstöðurnar í byrjun september í tæka tíð fyrir alþingiskosningarnar 25. september.

„Okkur finnst nauðsynlegt að loftslags-, og umhverfismál almennt, verði í brennidepli í komandi kosningum, enda veltur framtíð okkar allra á heilbrigðu loftslagi og lífríki. Til að veita stjórnmálaflokkunum nauðsynlegt aðhald þarf almenningur að vera vel upplýstur, en kvarðinn mun sýna svart á hvítu styrkleika og veikleika í umhverfis- og loftslagsstefnum þeirra,“ segir Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna.

Kvarðinn tekur tillit til þriggja meginþátta þegar kemur að því að meta stefnu stjórnmálaflokkanna; loftslagsmála, sem gefur hæst 40 stig, náttúruverndar, sem gefur hæst 30 stig, og hringrásarsamfélags sem gefur allt að 30 stigum.

Tinna segir að kvarðinn muni gagnast stjórnmálaflokkum við að móta og endurskoða stefnu sína í loftslagsmálum og vera leiðarvísir fyrir flokka til að taka tillit til sjónarmiða ungs fólks þegar kemur að umhverfismálum. Hún telur að umhverfis- og loftslagsmál muni vega þungt hjá Íslendingum áður en þeir ganga til kosninga í haust.

„Umhverfismálin, sér í lagi loftslagsmál, eru áberandi í umræðunni núna og við sjáum að allir flokkar eru að leggja sig fram við að koma sinni nálgun á framfæri og sýna fram á vilja til aðgerða,“ segir Tinna.

Meðal þess sem stjórnmálaflokkum verður gefin einkunn fyrir í loftslagsmálum er hvort þeir hafi sett sér stefnu um að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda innanlands. Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum þarf losun að minnka um 7,6 prósent á ári á heimsvísu til 2030 eigi meðalhitastig jarðar ekki að hækka um meira 1,5°C til ársins 2100.

Í náttúruverndarflokki geta stjórnmálaflokkar meðal annars fengið stig ef þeir styðja ekki frekari virkjanir í þágu stóriðju en Ungir umhverfissinnar telja ekki nauðsynlegt að virkja meira og vilja heldur forgangsraða raforkunotkun á þann hátt að græn verkefni gangi fyrir.

Í hringrásarsamfélagsflokki er stjórnmálaflokkum meðal annars veitt stig fyrir það hvort heildstæð aðgerðaáætlun fyrir íslenskt hringrásarhagkerfi með vísum sé til staðar í stefnu þeirra. Markmið hringrásarhagkerfis er að draga úr notkun hráefna í framleiðslu og lengja líftíma þeirra með skilvirkari nýtingu á hráefnum, hannaðri með hringrás í huga.

Tinna segir Unga umhverfissinna gæta fyllsta hlutleysis við einkunnagjöfina en félagið gerir meðal annars þær kröfur að einstaklingar sem vinna að verkefnum Sólarinnar hafi ekki tengsl við stjórnmálaflokka eða séu virk í stjórnmálastarfi.

„Í fyrsta lagi er gætt að því að þeir aðilar sem vinna að gerð kvarðans og gefa einkunn eftir honum séu ekki með tengsl innan stjórnmálaflokka. Í öðru lagi er fyllsta hlutleysis gætt þegar einkunn er gefin eftir kvarðanum með því að afmá nöfn flokka áður en stefna þeirra er metin. Einnig er gætt að samræmi í einkunnagjöf með því að láta ólíkt matsfólk fara yfir og reikna fylgni milli svara þeirra, það er áreiðanleika matsfólks,“ segir Tinna. ■



Stjórn Ungra umhverfissinna. Tinna Hallgrímsdóttir, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Sigrún Perla Gísladóttir, Unnur Björnsdóttir, Rafn Helgason, Egill Ö. Hermannsson. Á myndina vantar Finn Ricart Andrason og Ölmu Stefánsdóttur. MYND/AÐSEND




Kvarðinn er hluti af verkefninu Sólin sem Ungir umhverfissinnar standa að. MYND/UNGIR UMHVERFISSINNAR

> ” Okkur finnst nauðsynlegt að loftslags-, og umhverfismál almennt, verði í brennidepli í komandi kosningum.



Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna.




# Synja eyðingu persónuupplýsinga

thorgrimur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd staðfestir synjun grunnskóla á eyðingu upplýsinga úr upplýsingakerfinu Mentor. Mentor er víða notað í skólum landsins.

Foreldri barns fór fram á að notandaaðgangur þess að Mentor yrði gerður óvirkur og öllum upplýsingum um börn þess eytt úr kerfinu en hafði fengið synjun hjá grunnskóla þeirra. Í úrlausninni var komist að þeirri niðurstöðu að synjunin samrýmdist lögum um persónuvernd.

Ástæða fyrir beiðni viðkomandi um að notendaupplýsingum um sig, konu sína og börn þeirra yrði eytt úr upplýsingakerfinu var öryggisbrestur hjá InfoMentor þar sem gögnum hafði verið hlaðið niður úr kerfinu án heimildar. Byggt var á því að skólinn gæti ekki ábyrgst öryggi gagnanna og einnig bent á að skólinn hefði mestmegnis notað tölvupóst til að eiga samskipti við foreldra en ekki Mentor.

Skólastjóri grunnskólans hafði á móti vísað til skyldu sinnar til öflunar upplýsinga um grunnskólanemendur sem kveðið væri á um í grunnskólalögum og lögum um opinber skjalasöfn. Jafnframt vísaði hann til þess að réttur til eyðingar eða réttur til þess að gleymast ætti ekki við þegar um væri að ræða vinnslu sem nauðsynleg væri til að sinna lagaskyldu.

Bæði skólastjórinn og InfoMentor, sem á og hýsir Mentor-upplýsingakerfið, byggðu á því að vinnslan byggði á vinnusamningi við grunnskóla borgarinnar. InfoMentor benti á að þar sem engin skrifleg beiðni hefði borist um eyðingu gagna frá ábyrgðaraðilanum skorti fyrirtækið sem vinnsluaðila heimild til að verða við beiðninni.

Persónuvernd taldi að vinnsla upplýsinganna ætti sér næga stoð í persónuverndarlögum. Jafnframt var fallist á það sjónarmið að réttur til eyðingar ætti ekki við þegar vinnslan væri nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu ábyrgðaraðilans. ■



Persónuvernd taldi vinnslu upplýsinga um nemendur í Mentor eiga sér næga lagastoð og taldi foreldra ekki eiga lagakröfu um eyðingu þeirra.



VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS 2021
Árlega stendur **VR** fyrir kjöri á Fyrirtæki ársins. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja nú fyrir árið 2021.
**Stór fyrirtæki**
LS Retail
Nova
Opin kerfi
Sjóvá
Vörður tryggingar
**Meðalstór fyrirtæki**
Hringdu
Hvíta húsið
Miðlun
Reykjafell
Tengi
Toyota á Íslandi
**Lítil fyrirtæki**
Artasan
Egill Árnason
Hagvangur
Rekstrarfélag Kringlunnar
Reon
**Allt um niðurstöðurnar á vr.is/2021**
**VR** óskar fyrirtækjum ársins til hamingju með frábæran árangur!
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | VR.IS

# Fulltrúar kosnir til að semja nýja stjórnarskrá

**Chilemenn kusu um helgina fulltrúa á stjórnlagaþing til að semja nýja stjórnarskrá til að koma í stað þeirrar sem landið erfði frá einræðisstjórn Pinochet.**

thorgrimur@frettabladid.is



Chilemenn í Santiago fagna niðurstöðu kosninganna. Samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrra að fela stjórnlagaþingi að semja nýja stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**CHILE** Íbúar Chile gengu til kosninga um helgina til þess að kjósa fulltrúa á stjórnlagaþing sem falið verður að rita nýja stjórnarskrá fyrir landið. Boðað var til kosninganna eftir að landsmenn samþykktu með 78 prósentum greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu í október að stefna að nýrri stjórnarskrá fyrir landið og að fela stjórnlagaþingi að semja hana.

Stjórnlagaþingið er afrakstur fjöldamótmælanna sem fóru fram í Chile árið 2019. Þau mótmæli hófust vegna hækkunar á fargjaldi í neðanjarðarlestakerfi höfuðborgarinnar en fóru brátt að beinast að félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði, lágum launum og háum framfærslukostnaði í landinu.

Mótmælin leiddu til þess að ríkisstjórnin féllst á að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem landsmenn voru spurðir annars vegar hvort þeir vildu nýja stjórnarskrá og hins vegar hvort hún skyldi alfarið samin af kjörnu stjórnlagaráði eða af þingi landsins í samráði við stjórnlagaráð. Vegna kórónaveirufaraldursins fór þjóðaratkvæðagreiðslan ekki fram fyrr en í október 2020 og kusu landsmenn þá með afgerandi meirihluta að stjórnlagaráði skyldi falið að semja nýja stjórnarskrá. Kjörsókn landsmanna í atkvæðagreiðslunni nam rúmum fimmtíu prósentum.

Núverandi stjórnarskrá Chile er hluti af arfleifð einræðisstjórnar Augusto Pinochet. Hún var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1980 en var samin án aðkomu landsmanna af hópi sem Pinochet skipaði. Gagnrýnendur stjórnarskrárinnar telja hana hafa stuðlað að ójöfnuði í landinu, meðal annars með því að takmarka möguleika á að auðlindir á borð við steinefni og fiskimið landsins séu nýttar í almannaþágu. Ólíkt mörgum öðrum stjórnarskrám heimsálfunnar skilgreinir stjórnarskrá landsins jafnframt ekki tiltekin félagsleg réttindi á borð við kvenréttindi, réttindi frumbyggja eða vatnsréttindi.

Stjórnlagaþingið er skipað 155 fulltrúum og er kveðið á um jafnt kynjahlutfall þeirra á meðal samkvæmt frumvarpi sem þing Chile samþykkti þann 4. mars. Ef stjórnarskráin tekur gildi verður hún sú fyrsta sinnar tegundar sem samin er af jöfnum hópi karla og kvenna. Jafnframt voru settir kvótar á fatlaða frambjóðendur þannig að fatlaðir yrðu minnst fimm prósent frambjóðenda á hverjum kjörlista.

»

**Núverandi stjórnarskrá Chile var samin á tíma einræðisstjórnar Augusto Pinochet. Hún var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1980.**

Samkvæmt tölum Servel (sp. Servicio Electoral de Chile) fékk hægrisinnaða kosningabandalagið Vamos por Chile (ísl. Áfram Chile), sem er tengt núverandi forseta Sebastián Piñera, flest atkvæði, eða 20,56 prósent, og kemur til með að fá 37 fulltrúa á stjórnlagaþingið. Bandalag vinstrimanna og græningja, Apruebo Dignidad (ísl. Ég kýs reisn), fékk 18,74 prósent og 28 fulltrúa. Lista del Apruebo (ísl. Samþykktarlistinn), bandalag mið- og miðvinstriflokka, hlaut 14,46 prósent og 25 fulltrúa. Ýmir smærri framboð fengu einnig kjörna fulltrúa.

Stjórnlagaþingið mun sitja í níu mánuði til að semja nýju stjórnarskrána. Heimild er til að framlengja kjörtímabil þess einu sinni um þrjá mánuði ef þörf krefur. Að því loknu verður kallað til annarrar þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem landsmenn fá færi á að samþykkja eða hafna nýju stjórnarskránni. Áætlað er að sú atkvæðagreiðsla verði haldin á fyrri helmingi ársins 2022. Í millitíðinni verða haldnar þing- og forsetakosningar í landinu í nóvember næstkomandi. ■




# Stór hvirfilbylur skellur á Indland

arib@frettabladid.is

**INDLAND** Minnst tólf eru látnir af völdum hvirfilbylsins Tauktae sem kom á land í héraðinu Gujarat á vestanverðu Indlandi í gær. Tugir þúsunda hafa flúið heimili sín. Vindhraði Tauktae er meira en 160 kílómetrar á klukkustund eða 44 metrar á sekúndu og 51 í hviðum.

Í gær fóru fram erfiðar björgunaraðgerðir á vegum indverska sjóhersins þar sem rúmlega 400 manns var bjargað af tveimur prömmum sem rak út á haf, annar var rúmlega 170 kílómetra frá landi. Öldurnar voru meira en fjögurra metra háar. Á þriðja tug fiskibáta er saknað.

Heilbrigðiskerfið á Indlandi á nú fullt í fangi með aðra bylgju Covid-19 faraldursins. Stjórnvöld hafa sett bólusetningu á bið í strandhéruðum og 580 sjúklingar með Covid-19 verið færðir á milli sjúkrahúsa. Gert er ráð fyrir að um 150 þúsund manns muni dvelja í neyðarskýlum, er nú er óttast að þar muni veiran geta breiðst auðveldlega út. Hefur fólk verið beðið um að halda sig inni þar sem vegasamgöngur og raforkukerfi liggja niðri.

Mikil rigning og rok var í stórborginni Mumbai sem er í nágrannahéraðinu Maharashtra og hefur flugvellinum verið lokað.

Yfirvöld hafa einnig áhyggjur af náttúrunni á svæðinu. Í Gujarat er



Gríðarstórar öldur skullu á ströndina í Mumbai í gær. Flug- og vegasamgöngur hafa farið úr skorðum og er nú víða rafmagnslaust. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

»

**Hvirfilbylur af svipaðri stærð fór yfir svæðið árið 1998, þá létust mörg þúsund manns.**

sjaldgæf ljónategund í útrýmingarhættu. „Um 40 ljón eru eftir við ströndina og við erum að fylgjast með þeim," sagði skógarvörðurinn Shyamal Tikadar við Reuters. „Búið er að flytja nokkur ljón frá ströndinni. Við vonum að þau verði örugg."

Tauktae er stærsti hvirfilbylur á svæðinu frá árinu 1998. Þá létust allt að tíu þúsund manns í héraðinu og tjónið var metið á þrjá milljarða Bandaríkjadala. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# SUMARSPRENGJA

# 20-70% AFSLÁTTUR

## RÚMSTÆÐI
**50% AFSLÁTTUR**

**VERÐDÆMI**
Nina rúmstæði - 160x200cm

**VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.**

**50% AFSLÁTTUR**

**103.590 KR.**

## STILLANLEG RÚM
**15 TIL 50% AFSLÁTTUR**

**VERÐDÆMI**
Stillanlegt rúm UPS - 2x90x200cm

**VERÐ ÁÐUR 384.510 KR.**

**50% AFSLÁTTUR**

**192.255 KR.**

**RÚMTEPPI**
**60% AFSLÁTTUR**

**HÖFÐAGAFLAR**
**SÝNINGAREINTÖK**
**50% AFSLÁTTUR**

**SÝNINGAR OG SKIPTIDÝNUR**
**30-70% AFSLÁTTUR**

ATH. Tilboð gilda meðan birgðir endast, takmarkað magn.
Sumarsprengju lýkur 22. maí

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM



Íbúar á Gasasvæðinu virða fyrir sér eyðilegginguna í kjölfar loftárásanna sem hafa að sögn Hamas-samtakanna verið hátt í fimmtán hundruð talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Faðir ber slasaða dóttur sína úr rústum íbúðarhúss. Yfir 200 Palestínumenn hafa nú látið lífið í átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Loftskeyti skotið frá Gasa í átt að Ísrael. Minnst tíu manns í Ísrael hafa látið lífið í sprengjuárásunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Mótmælandi slengir grjóti með slönguskoti í átökum við ísraelska hermenn nærri borginni Nablus á Vesturbakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Ísraelskt stórskotalið beinir skotum sínum í átt að Gasasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


Libby's
Þetta verður
grillað sumar
Libby's
TOMATO
Ketchup
Tómatsósa
NET WT.
34 OZ.
(2 LB. 2 OZ.)
963g

# Meðvirkni með gerendum



Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Líklega hafa fáir farið varhluta af háværri samfélagslegri umræðu um kynferðislegt ofbeldi sem kölluð hefur verið önnur bylgja MeToo-hreyfingarinnar. Undanfarnar tvær vikur hafa fjölmargar konur stigið fram í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og sagt frá ofbeldi og áreitni sem þær hafa orðið fyrir og hafa jafnvel aldrei fyrr nefnt við nokkurn mann. Þetta hafa þær gert í þeirri von að samfélagið vakni og átti sig almennilega á því hversu víðtæk áhrif slík brot hafa á þá sem fyrir verða, og í þeirri veiku von að karlar axli ábyrgð.

MeToo-hreyfingin spratt upp árið 2017 með miklum látum og hratt af stað nauðsynlegri umræðu hér á landi sem annars staðar. Glæný dæmi sýna þó og sanna að engin vanþörf er á að viðhalda umræðunni og augljóslega áttu konur fullt inni. Nóg er til af sögum um mörk sem ekki eru virt, áreitni og allt yfir í gróft ofbeldi. Þetta eru konurnar ykkar, dætur og systur og því kannski erfiðara að hrista frásagnirnar af sér.

Sögusagnir um meint ofbeldi af hálfu þekkts fjölmiðlamanns og viðbrögðin við þeim var það sem hratt af stað þessari nýju bylgju en ljóst má vera að undiraldan var sterk, ólgan hefur lengi safnast upp.

Meintur ofbeldismaður sór af sér sögusagnirnar þar til í ljós kom að fyrir lægju kærur á hendur honum. Í framhaldi hefur orðið gerendameðvirkni verið á allra vörum, að afsaka gjörðir gerenda. Tónninn í umræðunni sem viðkomandi stjórnaði framan af að miklu leyti sjálfur var að hann væri fórnarlambið. Fórnarlamb slúðurs og illkvittni. Sá tónn kom illa við þolendur ofbeldis og ýfði upp sár þeirra sem barist hafa fyrir því að vera trúað.

Kallað hefur verið eftir því að karlar axli ábyrgð og kannski ekki síst, eigi samtalið – erfiða samtalið. Þetta mein verður augljóslega ekki upprætt nema með aðkomu þeirra. Hingað til hafa karlar verið tregir til að hlusta á þessa reynslu kvenna. Það er staðreynd og ég efast um að þessi umræða sé tekin á bakkanum í veiðiferðum sumarsins eða almennt í karlaklúbbum – þó það væri óskandi.

Í kjölfar frásagna kvennanna hafa einhverjir karlar sagt frá misgjörðum sínum á eigin samfélagsmiðlum. Vilji þeirra til breytinga er sannarlega skref í rétta átt og vonandi spyrja sem flestir karlar sig erfiðra spurninga: Hef ég farið yfir mörk? En hvernig ætli sé rétt að axla ábyrgð á því að hafa ekki virt mörk?

Ég verð að leyfa mér að efast um að rétta leiðin sé að segja einhverja útvatnaða útgáfu á samfélagsmiðlum í von um hjörtu og læk. Samtalið verður að vera á forsendum þolandans og ég held að við ættum að fara varlega í að tollera þá karla sem tilneyddir taka nú loks eitthvað til sín. Karla sem setjast niður við tölvuna og segja sína útgáfu, að líkindum án nokkurs samtals við þolandann. ■

> „Ég verð að leyfa mér að efast um að rétta leiðin sé að segja einhverja útvatnaða útgáfu á samfélagsmiðlum í von um hjörtu og læk.




## Halldór




## Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

**Ritstjóragambítur**
Alþjóðlegi skákmeistarinn Björn Þorfinnsson lék sinn fyrsta leik sem ritstjóri DV í gær með hressilegri frétt á dv.is um orðaskak og illdeilur yfir einni bröndóttri í síðustu umferð Íslandsmóts skákfélaga sem lauk um helgina. „Fyrsta frétt ritstjóra á DV var alltaf að fara að vera um skák,“ sagði Björn þegar hann deildi fréttinni af dv.is í Facebook-hópnum Íslenskir skákmenn en fréttin bar með sér að hann naut þess hversu dramatísk og tilfinningum hlaðin íþrótt skákin er en ekki síður yfirburðaþekkingar á viðfangsefninu sem einn öflugasti skákmaður landsins. Skák og mát.

**Orðasalat**
Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Stefán Einar Stefánsson voru að vonum ekki sammála þegar þau ræddu skelfinguna sem geisar á Gasasvæðinu í Silfrinu á sunnudag.

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, lýsti málflutningi Stefáns Einars og áherslu hans á Hamas sem „innantómu og merkingarlausu orðasalati“ og bað í framhaldinu þá sem eru sammála Stefáni Einari um að hypja sig af Facebook-vinalista sínum. Viðkomandi mætti „afvina mig hið snarasta og spara mér ómakið. Mælirinn er fullur.“ ■

# COVID-kynslóðin þarf betri díl



Þórunn Sveinbjarnardóttir
leiðir framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Kynslóðin kennd við bókstafinn Z er snjöll í orðsins fyllstu merkingu. Hún er með snjalltæknina í fingurgómunum og víraða inn í heilabúið líka. Framtíðin er hennar ef samfélagið leyfir. En Zetan er líka kynslóð ungs fólks sem hefur lifað tvö áföll á stuttri ævi. Það fyrra, hrunið, er kannski óljós og óþægileg minning en hefur samt haft áhrif á heimssýn og framtíðarvonir ungs fólks. Hið seinna hefur staðið í meira en ár og er heimsfaraldur kórónuveirunnar og Zetan er einnig mörkuð af veirunni vondu.

Þótt margt hafi gengið betur á Íslandi en annars staðar í baráttunni við veiruna skulum við ekki gera lítið úr áhrifum sóttvarnaaðgerða og samkomutakmarkana á lífsgæði þeirra sem eru í framhalds- og háskólanámi. Eðlilegt félagslíf hefur ekki verið í boði og síðastliðið ár hefur einkennst af fjarnámi og félagslegri einangrun. Sem betur fer er landið tekið að rísa en við höfum ekki bitið úr nálinni með afleiðingar faraldursins á unga fólkið okkar.

Samfylkingin vill koma til móts við þarfir og væntingar unga fólksins og hefur því lagt eftirfarandi til: Við viljum að sumarstörf til námsmanna verði í þrjá mánuði í stað tveggja og hálfs og að störfin nái einnig til einkafyrirtækja, ekki bara opinberra stofnana og félagasamtaka eins og úrræði ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. Tryggja þarf námsmönnum réttinn til atvinnuleysisbóta í námshléum. Með því svarar Samfylkingin kalli LÍS og SHÍ um viðunandi framfærslu allt árið. Þá leggjum við til að fyrirtækjum verði gert kleift að ráða nýútskrifaða einstaklinga úr háskóla- og iðnnámi til starfa á ráðningarstyrk til sex mánaða.

Með þessum aðgerðum vill Samfylkingin tryggja framfærslu ungs fólks í háskóla- og iðnnámi og ekki síður gefa þeim tækifæri á vinnumarkaði að námi loknu. Það sem ekki má gerast er að COVID-kynslóðin hefji fullorðinsárin í óvissu, aðgerðaleysi og efnahagsþrengingum. ■

> „Eðlilegt félagslíf hefur ekki verið í boði og síðastliðið ár hefur einkennst af fjarnámi og félagslegri einangrun.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Upp, upp, mín sál



Ólafur Hallgrímsson
pastor emeritus

Við Íslendingar búum að ríkri sálmahefð og höfum átt mörg merk sálmaskáld. Einir sálmar skera sig þó úr á akri sálmakveðskaparins. Eru það Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar. Þeir eru einstakir að allri gerð og eiga sér vart nokkra hliðstæðu meðal trúarljóða heimsins. Hvergi í hinum fjölbreytilega kveðskap Hallgríms Péturssonar rís andagift hans, trúarhiti og auðmýkt hærra en í Passíusálmunum. Passíusálmarnir eru sem kunnugt er ortir út af píslarsögu frelsarans, Jesú Krists. Þeir voru fyrst prentaðir á Hólum árið 1666 og hafa nú verið gefnir út í 92 útgáfum á íslensku, auk prentunar á öðrum tungumálum. Engin bók hefur orðið þjóðinni hjartfólgnari.

> Sálmar Hallgríms tala inn í okkar samtíð eins og áður, af því þeir eru í raun tímalausir.

Um aldir voru sálmarnir sungnir eða lesnir á flestum íslenskum heimilum hvern rúmhelgan dag á föstunni og eru enn í dag lesnir í útvarpi og fjölmörgum kirkjum landsins á föstudaginn langa. Það segir vissulega meira en mörg orð. Hvað veldur því, að Passíusálmarnir hafa eignast svo fastan sess í vitund þjóðarinnar, sem raun ber vitni? Ætli einfaldasta svarið sé ekki, að þeir ná til hjartans, þar þarf enga milliliði. Þrátt fyrir málfar síns tíma á 17. öld yrkir Hallgrímur í rauninni á alþýðumáli, sem allir geta skilið. Hann tekur lesandann við hönd sér og leiðir hann í gegnum píslarsöguna allt frá grasagarðinum í Getsemane til grafarinnar tómu. Sjálfur er hann líka á göngunni með Kristi, aldrei hlutlaus áhorfandi, þar er hann á tali við sína eigin sál um leið og hann talar til lesandans og gefur honum holl ráð. Við þurfum ekki að vera bókmenntafræðingar til að kynnast Passíusálmunum, aðeins hafa opinn hug og einlægt hjarta. Hallgrímur er gagnrýninn á margt í samtíma sínum og slær hvergi af. Hann varar við að setja traust sitt um of á auð og völd eða ríkidæmi yfirleitt, varar við ágirndinni, sem sé „undirrót allra lasta“, en leggur áherslu á einfalt líf og nægjusemi í trú og trausti. „Hver sem sér lynda lætur, / það lénar drottinn mætur, / sá hefur alls nægta nóg.“ (Ps. 16) Yfirleitt geldur hann varhug við veröldinni, sem sé bæði völt og flá, og að setja traust sitt um of á hana, heldur aðeins Guð einan og föðurforsjón hans, sem yfir öllu vakir. Það er hamingjuleiðin. En á boðskapur Hallgríms erindi við okkur á 21. öld? Nú erum við sem þjóð að ganga í gegnum fordæmalausa tíma eins og raunar heimsbyggðin öll. Það reynir á samstöðu okkar og þolgæði að halda út, meðan faraldurinn gengur yfir. Vandamálin eru mörg. Við sjáum ýmislegt í þjóðfélaginu í dag í líkingu við það, sem Hallgrímur er að gagnrýna á 17. öld. Græðgi og auðsöfnun eru áberandi nú eins og á fyrri tíð, nema nú eru orðnir margfalt meiri möguleikar að þjóna græðginni en áður var. Manneðlið hefur svo lítið breyst þrátt fyrir allt. Ljóð Hallgríms Péturssonar hafa ætíð reynst þjóðinni athvarf í þrengingum og raun. Þar hefur fólk fundið styrk á erfiðum stundum lífsins. Það sýnir sagan. Það hefur ekki breyst.

Sálmar Hallgríms tala inn í okkar samtíð eins og áður, af því þeir eru í raun tímalausir. Þess vegna m.a. hafa þeir lifað svo vel og lengi með þjóðinni. Hver sem les sálmana með opnum huga, mun finna þar eitthvað, sem getur hjálpað honum að takast á við vandamálin í eigin lífi. En til þess þurfum við að þekkja sálmana og lesa þá. Margt eldra fólk er handgengið Passíusálmunum, hefur þá hjá sér á náttborðinu og les sér til andlegrar upplyftingar, en hvað með yngra fólkið? Margir fá Passíusálmana í fermingargjöf, setja þá upp í hillu og síðan ekki söguna meir. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að lesa ætti úr sálmum Hallgríms í framhaldsskólum landsins. Það myndi auka áhuga á þeim. Árið 2014 var gefin út bókin Hallgrímskver, úrval úr ljóðum og lausu máli skáldsins, sem bætir miklu við þá mynd, sem flestir hafa af Hallgrími sem sálmaskáldi. Óhætt er að mæla með þeirri bók til viðbótar við Passíusálmana. ■



## Aron Dagur fann nýtt lið í Svíþjóð

hjorvaro@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Aron Dagur Pálsson hefur skrifað undir eins árs samning við sænska úrvalsdeildarliðið Guif frá Eskilstuna.

Aron Dagur hefur síðustu tvö keppnistímabil leikið með Alingsås sem leikur einnig í sænsku úrvalsdeildinni.

Þessi 24 ára gamli leikstjórnandi lék með Gróttu og Stjörnunni áður en hann söðlaði um til Svíþjóðar.

Guif varð í áttunda sæti sænsku úrvalsdeildarinnar á yfirstandandi leiktíð og laut svo í lægra haldi fyrir Sävehof í átta liða úrslitum úrslitakeppninnar.

Með Guif leikur markvörðurinn Daníel Freyr Andrésson en Kristján Andrésson, fyrrverandi leikmaður og þjálfari liðsins, er núverandi íþróttastjóri þess. ■



Heimir var langlífur í starfi miðað við forvera hans hjá Al Arabi.

## Heimir á förum frá Katar í sumar

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Al Arabi tilkynnti í gær að félagið hefði komist að samkomulagi við Heimi Hallgrímsson um að framlengja ekki samning Eyjamannsins í Katar. Hann lætur því af störfum eftir tæp þrjú ár í starfi hjá Al Arabi. Óvíst er með framhaldið hjá Aroni Einari Gunnarssyni en leiða má líkur að því að Bjarki Már Ólafsson og Freyr Alexandersson sem eru í þjálfarateymi Heimis, séu einnig á förum.

Heimir tók við liði Al Arabi í árslok 2018 og fékk Aron Einar til liðs við félagið sumarið 2019. Undir stjórn Heimis lenti félagið í sjötta sæti á fyrsta ári og sjöunda sæti undanfarin tvö ár. Þá lék félagið til úrslita í Emírs-bikarnum síðastliðinn desember en tapaði naumlega gegn Al-Sadd undir stjórn Xavi. ■

# Heldur á ný mið ef Le Havre fer niður

**Tímabilið hefur verið kaflaskipt hjá Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur. Eftir að hafa skotið Íslandi á EM hefur Berglind glímt við eftirköst af Covid-19. Óvíst er hvort lið hennar falli í ár og hvert næsta skref hennar verður.**

kristinnpall@frettabladid.is



Þrátt fyrir veikindi og fjarveru hefur Berglind skorað rúmlega þriðjung marka Le Havre í vetur. MYND/AÐSEND

**FÓTBOLTI** „Þetta hefur verið alveg gríðarlega erfitt tímabil, sérstaklega fyrir andlegu hliðina. Ég verð bara að taka þetta í reynslubankann og reyna að læra af þessu,“ segir Berglind Björg Þorvaldsdóttir, framherji íslenska kvennalandsliðsins og Le Havre í Frakklandi, spurð út í tímabilið sem lýkur á næstu vikum.

Berglind var hetja íslenska kvennalandsliðsins þegar hún skaut Íslandi í lokakeppni Evrópumótsins með sigurmarki gegn Ungverjalandi í byrjun desember en hefur ekki náð að beita sér af fullum krafti eftir áramót eftir að hafa veikst af Covid-19 í desember.

Hún samdi við Le Havre síðasta sumar til tveggja ára og er einn þriggja Íslendinga sem léku með félaginu á þessu tímabili ásamt Önnu Björk Kristjánsdóttur og Andreu Rán Snæfeld Hauksdóttur. Berglind byrjaði tímabilið í Frakklandi af krafti og skoraði þrjú mörk í fyrstu fimm leikjunum en hún greindist með Covid-19 stuttu fyrir jólin. Eftirköstin af veikindunum reyndust Berglindi erfið.

„Eftir veikindin kom í ljós að ég var með vökva í kringum hjartað og lungun. Þá var ég sett á lyf og bannað að stunda allar æfingar í tíu daga. Svo komu sex vikur sem ég mátti ekki æfa fótbolta, bara fara í ræktina. Það hefur í raun ekki tekist að útskýra hvað fór úrskeiðis en það var gríðarlega erfitt að komast aftur af stað úr því. Síðan hefur þetta bara verið ofboðslega kaflaskipt,“ segir Berglind og heldur áfram:

„Það hefur í raun verið handahófskennt milli vikna hvernig líðanin hefur verið. Eina viku líður mér vel og svo viku síðar talsvert verr. Undanfarið hefur mér liðið betur og ég er farin að kannast betur við sjálfa mig innan sem utan vallar.“

Ljóst er að Le Havre lendir í öðru af tveimur neðstu sætunum og ætti því að falla úr efstu deild en þegar tvær umferðir eru eftir er ekki enn komið á hreint hvort liðið falli úr efstu deild. Það hefur ekki tekist að finna lausn sem allir sætta sig við.

> ”
> **Undanfarið hefur mér liðið betur og ég er farin að kannast betur við sjálfa mig, innan sem utan vallar.**
>
> Berglind Björg Þorvaldsdóttir

„Þetta hefur verið mjög sérstakt. Önnur deild hefur legið niðri síðan í nóvember og fyrir vikið kom upp umræða um að það myndi ekkert lið falla í ár. Svo kom upp sú hugmynd að liðunum yrði fækkað í tíu lið, tvö lið færu niður og ekkert upp en stærstu stjórnurnar í deildinni eru mótfallnar því og eru búnar að hóta því að yfirgefa deildina ef af þeim áætlunum verður. Núna er umræðan að eitt lið falli,“ segir Berglind en það myndi þýða að Le Havre ætti enn veikan möguleika á að bjarga sér úr neðsta sæti þegar tvær umferðir eru eftir.

„Deildin hefur mjög tvístígandi í þessu og er ýmist að segja að það muni lið falla eða ekki. Það er óþægilegt fyrir leikmennina enda aðeins nokkrar vikur til stefnu og margar sem þurfa að ræða framtíðaráhorf sín.“

Sjálf segist Berglind ætla að halda á ný mið ef Le Havre fellur niður úr efstu deild og er áhugi til staðar erlendis. Hún hefur áður leikið á Ítalíu með Verona og AC Milan og með PSV í Hollandi.

„Ef við föllum mun ég leita að nýju félagi, enda með heimild til að fara ef við föllum. Við eigum eftir að setjast niður með stjórninni og fara yfir þetta. Það hafa borist fyrirspurnir til umboðsmannsins míns frá liðum erlendis,“ segir Berglind sem segist ekki gera ráð fyrir því að semja við íslenskt félag.

„Markmiðið er að leika áfram erlendis. Það er Evrópumót á næsta ári og fyrir vikið vil ég halda áfram að leika erlendis.“ ■


SJÓMANNADAGURINN

Í tilefni af sjómannadeginum 2021 ætlum við á Fréttablaðinu að gefa út sérblaðið Sjómannadagurinn, **laugardaginn 5. júní.**
Fullt af áhugaverðu efni og viðtölum.

Forsíðuviðtalið verður við Hilmar Snorrason, skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**
Ruth Bergs
Sími 694-4103 ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGABLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 18. maí 2021






J. Cole á vellinum um helgina. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

## Úr rappinu í körfuna

oddurfreyr@frettabladid.is

Bandaríski rapparinn og Grammy-verðlaunahafinn J. Cole gaf út nýja breiðskífu á föstudag og keppti svo í fyrsta sinn sem atvinnumaður í körfubolta á sunnudag.

J. Cole hefur átt viðburðaríka viku, en á föstudag gaf hann út breiðskífuna The Off-Season, sem er sú fyrsta síðan árið 2018. Á sunnudag tók hann svo þátt í sínum fyrsta leik fyrir körfuboltaliðið Patriots Basketball Club, sem er frá Rúanda og keppir í afrísku körfuboltadeildinni. Cole skrifaði undir samning hjá liðinu í síðustu viku.

**Leggur hart að sér**

Cole, sem er 36 ára gamall, spilaði körfubolta af miklu kappi þegar hann var unglingur en kaus svo að einbeita sér að tónlist. Hann talaði um körfubolta í stuttri heimildamynd um gerð nýju plötunnar sem birtist á YouTube í síðustu viku. Þar sagðist hann hafa gert sér grein fyrir því að hann þyrfti að nálgast tónlistarsköpun sína eins og körfuboltann og leggja hart að sér. Þegar hann var 22 ára fannst honum hann ekki hafa lagt nógu mikla vinnu í körfuboltann til að geta lagt íþróttina fyrir sig og ákvað því að leggja á sig vinnu til að verða betri í tónlist og ná árangri á því sviði. ■






Helena Dagmar Steinarsdóttir ráðleggur fólki að gefa sér góðan tíma í framkvæmdir og vera opið fyrir breytingum ef þarf. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

# Samheldni nágrannanna í botnlanganum var umtöluð

Helena Dagmar Steinarsdóttir býr í Grafarvogi ásamt manni sínum, þremur börnum og kisunni Rocky. Fjölskyldan flutti í núverandi húsnæði fyrir um fjórum árum og hefur staðið í ýmsum framkvæmdum, þar á meðal á eldhúsinu, með stórglæsilegri útkomu. 2





Heimili Helenu og fjölskyldu er í senn hlýlegt og nútímalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@
frettabladid.is


Helena er menntuð sem útstillingarhönnuður og starfar sem aðstoðarverslunarstjóri hjá Rúmfatalagernum á Bíldshöfða. Hún er gift Gunnari Bjarnasyni og saman eiga þau þrjú börn sem fæddust á þremur árum.

**Baðkarið vinsælast á heimilinu**

Helena var búsett erlendis um árabil og síðar aftur ásamt fjölskyldunni. „Ég bjó í New York og Flórída í sjö ár og síðan bjuggum við fjölskyldan saman í Istanbúl, Tyrklandi í tvö ár. Til gamans má segja frá því að við keyptum síðustu íbúðina okkar án þess að hafa skoðað hana og ég keypti allt inn í hana í gegnum netið,“ segir Helena létt í bragði.

Kaupin á núverandi heimili voru töluvert betur undirbúin enda var fjölskyldan þá búsett á Íslandi. „Við fjölskyldan fluttum hingað í mars 2017 og bjuggum áður í Engjahverfinu í Grafarvogi. Útsýnið og staðsetningin heillaði okkur ásamt stærðinni á húsinu sem var hæfileg.“

Helena og fjölskylda voru búsett í Tyrklandi þegar þau keyptu síðustu íbúð og gátu þar af leiðandi ekki skoðað hana áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nýja eldhúsið er meiri háttar, stílhreint og fágað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Stofan er opin og björt.

*Hvenær var húsið byggt og á það sér einhverja sögu?*

„Húsið er byggt árið 1999. Húsið á sér kannski ekki sérstaka sögu en samheldni nágranna í botnlanganum var umtöluð.“

*Hvernig mundirðu lýsa andrúmsloftinu/stílnum á heimilinu?*

„Hlýir litir en þó ekki of dökkir og nokkuð nútímalegt heimili.“

*Hvernig list er á heimilinu og hvernig veljið þið hana inn á heimilið?*

„Það er engin sérstök stefna í listum en við höfum reynt að hafa opin augu fyrir hlutum sem passa vel inn í umhverfið á heimilinu.“

*Hver er uppáhaldsstaðurinn á heimilinu?*

„Eldhúsið er mest notað en baðkarið er vinsælast þar sem við förum mikið í bað.“

*En uppáhaldshluturinn?*

„Uppáhaldshluturinn minn á heimilinu er skál sem hefur fylgt mér síðan ég bjó í Bandaríkjunum. Hún lifði flutninginn af og hefur fylgt mér síðan.“

*Eruð þið að safna einhverjum hlut eða hlutum?*

„Ég hef tekið ástfóstri við Iittala Kastehelmi kertastjaka og mig sárvantar appelsínugula.“

**Pinterest var mikið skoðað**

Helena og Gunnar gerðu nýverið upp eldhúsið. Þegar Helena er spurð hvers vegna þau hafi ákveðið að fara í það verkefni segir hún innréttinguna sem var úr kirsuberjavið með bláum hurðum ekki hafa verið í þeirra stíl en þau hafi þó haldið grunnskipulaginu að mestu.

*Hvar fenguð þið hugmyndir eða innblástur?*

„Við vildum hafa innréttinguna háglans hvíta þar sem við vorum með sömu innréttinguna á gamla heimilinu okkar. Pinterest var mikið skoðað. Þar sem við erum með gráar flísar á öðrum rýmum þá héldum við því í eldhúsinu. Koksgrá tæki urðu fyrir valinu að háfnum undanskildum og við enduðum með tvo bakaraofna og 80 cm helluborð.“

*Hvað tóku framkvæmdirnar langan tíma? Fylgdi þeim mikill kostnaður eða umstang?*

„Ferlið tók um það bil tvo mánuði frá því að við byrjuðum að rífa niður eldhúsið þangað til borðplatan kom. Mesta umstangið var í loftinu þar sem við ákváðum að hækka loftið með tilheyrandi raski og breyta raflögnum. Við fórum vel fram úr kostnaðaráætlun þar sem við gerðum töluverðar breytingar. Við fórum í tvo ofna, ætluðum að hafa einn, úr 60 cm helluborði í 80 cm, ætluðum ekki að hafa flæðandi granít upp á vegg en enduðum í 40 cm upp á vegg. Við enduðum í mun dýrari vaski en við gerðum ráð fyrir.“

*Hafið þið staðið í frekari framkvæmdum og hverjum þá?*

„Við erum búin að skipta um gólfefni á öllu húsinu og skipta um hurðar. Endurnýja gestabaðherbergið og síðasta sem við gerðum áður en við tókum eldhúsið var að taka þvottahúsið í gegn. Rýmið sem við eigum eftir er baðherbergið.“

**Fjölskyldan vill heitan pott**

Helena lumar á nokkrum ráðum fyrir þau sem hyggjast fara í framkvæmdir. „Það getur verið kostur að vera búin að búa í húsinu áður en farið er í stórar framkvæmdir. Til að mynda ætluðum við að opna eldhúsið þegar við fluttum inn en eftir að hafa verið hér í um tvö ár fannst okkur betra að vera með lokað eldhús.“

Þá ráðleggur hún fólki að reyna að vera með góða aðgerðaáætlun en samt að vera opin fyrir breytingum ef þess þarf. Og síðast en ekki síst gefa sér nægan tíma í verkið.

Þegar Helena er spurð að því hvað sé efst á óskalistanum fyrir heimilið um þessar mundir segir hún skiptar skoðanir á því meðal fjölskyldumeðlima. „Ég er alltaf með falleg ljós á radarnum sem næsta hlut á heimilið. En fjölskyldan er meira að bíða eftir heitum potti á pallinn.“ ■







**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is
FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði
VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995
588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki
*Fagleg þjónusta*
*Vönduð vinnubrögð*
*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047
BERG FASTEIGNASALA
Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633
Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047
Traust þjónusta - mikil sala



**Gólfhiti er í eigninni og er hæðunum skipt upp í nokkur svæði sem hægt er að stilla hvert fyrir sig.**

## Glæsilegt raðhús í Garðabæ

**Fasteignasalan TORG kynnir: Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr og þaksvölum. Húsið er samtals 223,1 fm, þar af 28,2 fm bílskúr.**

Húsið var byggt 2007, en innréttað árið 2011. Öll innanhússhönnun var unnin af GASSA arkitekter í Danmörku. Allar innréttingar í húsinu eru sérsmíðaðar.

Á jarðhæð er forstofa, 2 svefnherbergi, fataherbergi, sjónvarpsherbergi, gestasnyrting, þvottaherbergi, stórt baðherbergi og bílskúr.

Á annarri hæð er aðalrýmið, eldhús, borðstofa, og stofa með fallegu útsýni, ásamt útgengi út á 50 fm suður-þaksvalir. Eldhúsið er opið og rúmgott með stórri L-laga eyju. Innréttingin er í bland hvít og brúnbæsuð eik. Stór búrskápur með innstungum og góðu vinnuplássi er í eldhúsinu. Tveir Miele-ofnar eru í vinnuhæð, Miele-uppþvottavél er innbyggð og Gaggenau-helluborð er í eyju. Tvöfaldur innbyggður ísskápur er í innréttingunni ásamt Miele-háf sem er beintengdur út. Silestone-kvartssteinn er á eldhúseyju.

Forhitari er á öllu neysluvatni. Gólfhiti er í eigninni og eru hæðunum skipt upp í nokkur svæði sem hægt er að stilla hvert fyrir sig. Rafhleðsla er á bílaplani sem fylgir með. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu þar sem stæði eru fyrir allt að þrjá bíla.

Hér er um að ræða glæsilegt raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, þar sem hvergi hefur verið til sparað. Glæsilegt aðalrými á annarri hæð, með útsýni til suðurs og suður-þaksvölum, master-svefnherbergi, tveimur salernum, sjónvarpsherbergi o.fl. ■

Allar nánari upplýsingar veitir Berglind Hólm, lögg. fasteignasali, í síma 694-4000 eða berglind@fstorg.is

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR
RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
intellecta
**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.**
**Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Garðabær
**Einbýlis – raðhús og parhús óskast fyrir trausta kaupendur**

## Grandavegur 42G – 2ja herbergja íbúð



- Virkilega falleg 93,5 fm. 2ja herbergja íbúð auk 7,4 fm. yfirbyggðra opnanlegra svala til vesturs með viðarklæddu gólfi í vönduðu lyftuhúsi við Grandaveg.
- Sér bílastæði í bílageymslu. Útsýnis nýtur til sjávar.
- Mjög rúmgott svefnherbergi með miklum fataskápum. Eldhús er opið við stofu sem er rúmgóð og björt.
- Sameiginleg gestabílastæði eru í bílakjallara og er dyrabjöllukerfi á bílageymslu.

**Verð 62,7 millj.**

## Ingólfsstræti. Íbúðar – eða skrifstofuhúsnæði.



- TIL SÖLU EÐA LEIGU
- Íbúðar - eða skrifstofuhúsnæði á þremur hæðum á frábærum stað í miðbænum á 351,0 fermetra afgirtri lóð með 8-10 sér bílastæðum.
- Verið er að innrétta eignina upp á nýtt. Mögulegur kaupandi eða leigutaki getur haft áhrif á framkvæmdir ef hann kemur fljótt að borðinu.
- Nýtt rafmagnshlið var sett upp á lóðinni og hún því lokuð og afgirt fyrir óviðkomandi umferð.

## Ljósheimar 14 – 4ra herbergja íbúð á 7. hæð




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 4ra herbergja 89,4 fm. útsýnisíbúð á 7. hæð í fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Ljósheimum. Sérinnangur er af svölum.
- Eldhúsinnréttingar og tæki eru nýleg og baðherbergi var nýlega endurnýjað. Allir fataskápar í íbúðinni eru nýlega endurnýjaðir. Allir ofnar og ofnalagnir í íbúðinni eru nýlega endurnýjuð.
- Húsið er nýlega viðgert að utan að stórum hluta. Austurhlið hússins var öll viðgerð og settar nýjar gler-svalalokanir á stigahús utan á húsinu.

**Verð 54,9 millj.**

## Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

**Verð 73,9 millj.**

## Frakkastígur – 2ja herbergja íbúð.



- Vel skipulögð 66,2 fermetra 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu nýlegu fjórbýlishúsi við Frakkastíg.
- Stór afgirt viðar verönd útaf stofu. Allar hurðir í íbúðinni eru extra breiðar og því gott hjólastóla aðgengi.
- Frábær staðsetning í miðborg Reykjavíkur.
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

**Verð 46,9 millj.**

## Hringbraut 115. 2ja herbergja íbúð.



- Falleg og vel skipulögð 52,6 fm. íbúð á 2. hæð, að meðtaldri 5,3 fm. sér geymslu í kjallara, í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Hringbraut í Reykjavík.
- Björt stofa með gluggum til suðurs. Rúmgott svefnherbergi.
- Húsið að utan var viðgert og steinað upp á nýtt árið 2014 og sameign er öll mjög snyrtileg.
- Staðsetning er á eftirsóttum stað í Vesturbænum. Stutt er í leikskóla, skóla, Sundlaug Vesturbæjar, íþróttasvæði KR, Melabúðina, Kaffi Vest o.fl.

**Verð 34,9 millj.**

## Lynghális 10. Nýlega innréttaðar stúdíóíbúðir.



- 10 nýlega innréttaðar og vandaðar stúdíóíbúðir á 3. hæð í steinsteyptu og álklæddu húsi við Lynghals 10 í Reykjavík.
- Íbúðirnar voru allar innréttaðar fyrir um 7 árum síðan og þá sett upp eldhús í hverri íbúð og baðherbergi í hverja íbúð.
- Baðherbergi eru öll flísalögð og með flísalögðum sturtum, handklæðaofnum og vegghengdum salernum. Harðparket er á gólfum alrýma og herbergja. Eldvarnarhurðir eru frá öllum íbúðum við gang.

**Verð 189,0 millj.**

**Íbúðirnar eru allar í útleigu í dag.**
**Nánari uppl. á skrifstofu.**

## Grettisgata 3. Verslunarhúsnæði



- 37,7 fm. verslunarhúsnæði neðst á Grettisgötu fyrir aftan Eymundsson. Frábær staðsetning á svæði sem er í mikilli uppbyggingu.
- Húsnæðið, sem er eitt opið rými með salerni og eldhúskrók innaf, er með ca. 3,5 metra lofthæð og góðum verslunargluggum.
- Húsnæðið var allt endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan.

**Verð 27,5 millj.**

## Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

## Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.




- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar sem eftir eru eru frá 80,6 fm. upp í 135,2 fm. , 2ja til 4ra herbergja. Til afhendingar okt/nóv 2020.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, en flísar verða á gólfum á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

**Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júlí til desember 2021. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is**

# Stúdíóíbúðir í Auðbrekku

BORG
FASTEIGNASALA

## 9 nýuppgerðar „New York-style“ stúdíóíbúðir, verð frá 39.500.000 kr.











## OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 20. MAÍ 17:00–18:00

Komdu og skoðaðu nýuppgerðar stúdíóíbúðir í Auðbrekku 9-11 í Kópavogi. Lofthæð 4,4 metrar í stofu- og eldhúsrými, inn af er baðherbergi og svefnloft þar yfir. Verönd er við allar íbúðir og þeim fylgir bílastæði. Íbúðirnar eru frá 62,7 til 66,2 fermetrar.

Frábær staðsetning miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem öll þjónusta er í göngufjarlægð. Matvöruverslanir, veitingastaðir, sundlaug og almenningssamgöngur ásamt hjóla- og göngustígum til allra átta. Íbúðirnar eru afhentar við kaupsamning.



**Gunnlaugur Þráinsson**
löggiltur fasteignasali
844 6447
gunnlaugur@fastborg.is



**Úlfar Þór Davíðsson**
löggiltur fasteignasali
788 9030
ulfar@fastborg.is




**519 5500 · FASTBORG.IS**

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



| | | |
|---|---|---|
| Jón Rafn Valdimars | lögg. fasteignasali | Sími: 695 5520 |
| Gunnar S. Jónsson | lögg. fasteignasali | Sími: 899 5856 |
| Ólafur Finnbogason | lögg. fasteignasali | Sími: 822 2307 |
| Atli S. Sigvarðsson | lögg. fasteignasali | Sími: 899 1178 |
| Elín Alfreðsdóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 899 3090 |
| Ingi Þór Ingólfsson | lögg. fasteignasali | Sími: 698 4450 |
| Ómar Hvanndal | hdl. og aðst. fasteignas | Sími: 832 3200 |
| Barbara R. Bergþórs | lögg. fasteignasali | Sími: 823 0339 |
| Svan G. Guðlaugsson | lögg. fasteignasali | Sími: 697 9300 |
| Þórunn Pálsdóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 773 6000 |
| Ásgrímur Ásmunds | hdl. og lögg. fasteignas | Sími: 865 4120 |
| Þröstur Þórhallsson | lögg. fasteignasali | Sími: 897 0634 |
| Jórunn Skúladóttir | lögg. fasteignasali | Sími: 845 8958 |

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki



| | | |
|---|---|---|
| Þóroddur S. Skaptas | lögg. fasteignasali | Sími: 868 4508 |
| Jason Kr. Ólafsson | lögg. fasteignasali | Sími: 775 1515 |
| Axel Axelsson | lögg. fasteignasali | Sími: 778 7272 |
| Óskar H. Bjarnasen | lögg. fasteignasali | Sími: 691 1931 |
| Kjartan Í. Guðmunds | aðst. fasteignasala | Sími: 663 4392 |
| Þórhallur Biering | lögg. fasteignasali | Sími: 896 8232 |
| Friðrik Þ. Stefánsson | hdl. og aðst. fasteignas | Sími: 616 1313 |
| Friðjón Ö. Magnúss. | lögg. fasteignasali | Sími: 692 2704 |
| Óskar S. Axelsson | aðst. fasteignasala | Sími: 691 2312 |
| Anton Karlsson | lögg. fasteignasali | Sími: 771 8601 |
| Páll Þórólfsson | lögg. fasteignasali | Sími: 893 9929 |
| Ragnheiður Péturs | hdl. og löggiltur fasteignasali | |




## Ystasel 35

**109 Reykjavík**

**Glæsilegt 248 fm einbýli ásamt bílskúr**

- 6 svefnherbergi eru í húsinu
- Endurnýjuð eldhúsinnrétting
- Mjög gott skipulag
- Fallegur skjólsæll garður
- Stutt í leik- og grunnskóla ásamt íþróttasvæði ÍR
- Hægt að útbúa aukaíbúð með sérinngangi



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

Verð: **109,7 millj.**




## Grandavegur 40

**107 Reykjavík**

**Einbýlishús við Bráðræðisholtið 81,1 fm. Falin perla miðsvæðis í Reykjavík**

- Húsið var friðað árið 2012 og stendur á eignarlóð
- Forstofa, stofu, sólskála, eldhús, bað, þvottahús, svefnherbergi, rúmgott alrými og fallega innréttað
- Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

Verð: **57,9 millj.**




## Holtasel 37

**109 Reykjavík**

**226,5 fm á tveim hæðum**

- 3 svefnherbergi, auðvelt að bæta við tveimur
- Stór afgirtur sólpallur mót suðri
- Stór stofa með arni
- Mikið endurnýjuð neðri hæð
- 31 fm bílskúr



**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
**Sími: 616 1313**
fridrik@miklaborg.is



**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is

Verð: **109.9 millj.**




## Hafnarbraut 11 (305)

**200 Kópavogur**

**Glæsileg 94,4 fm 3ja herbergja íbúð á tveimur efstu hæðunum**

- Íbúðin er öll nýlega innréttuð og húsið uppgert
- Laus strax



Nánari upplýsingar:
**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 697 9300**
svan@miklaborg.is

Verð: **54,9 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**


Leitum að ...
Leita fyrir ákveðna kaupendur að einbýli í Garðabæ um 300 fm verð að 250 m.
Útsýnisíbúð stærð 150 fm, í Kópavogi, Garðabæ eða miðsvæðis í Reykjavík.
4ra herbergja í Grafarvogi eða Grafarholti.
Einbýli á einni hæð á svæði 102, 107 og 170.
Hæð í vesturbæ Reykjavíkur 150 fm.
Sumarhús við Syðri Reyki þarf að vera vandað hús
Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is
MIKLABORG
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Sérfræðingar í ráðningum
Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing
FAST
Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

job
Finnum draumastarfið saman
Erum við að leita að þér?

GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090 | WWW.EIGNAMIDLUN.IS

EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17.00-17.30










# PÓSTHÚSSTRÆTI 5 REYKJANESBÆ

Vel skipulagðar 2ja - 4ra herbergja útsýnisíbúðir í níu hæða fjölbýlishúsi. Íbúðirnar eru vel skipulagðar og afhendast fullbúnar án megin gólfefna. Flestar íbúðir afhendast með stæði bílageymslu.

Húsið stendur á fallegum stað við sjóinn og er einstaklega vel staðsett með tilliti til aðgengis að verslun, þjónustu og samgönguleiðum. Örstutt er í strandleiðina sem er 10 kílómetra hjóla- og gönguleið meðfram ströndinni.

NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ SJÁVARSÍÐUNA




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

## Bílar & Farartæki

AÐALKAUP Bílasala



**SJÁLFSKIPTUR!!!**
TOYOTA IQ sjálfskiptur. Árgerð 2010, ekinn aðeins 89þ.km.!!!, bensín, sjálfskiptur. Skemmtilega öðruvísi :) Verð 777.000. Rnr.120015. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup, Skeifunni 3c.

AÐALKAUP Bílasala



**4X4 HYBRID LÚXUS**
VOLVO V60 INSCRIPTION 4x4. Árgerð 2016, ekinn 94þ.km., dísel/rafmagn, sjálfskiptur. Algjört dekur-lúxus eintak! Verð 3.777.000. Rnr.120471. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup, Skeifunni 3C.

**Aðalkaup - Bílasala**
**Skeifan 3C, 108 Reykjavík**
**Sími: 888 3715**
**adalkaup@adalkaup.is**
**http://adalkaup.is**

SPA Rbíll



Toyota Auris Active 5/2016. Sjálfskiptur. Dráttarkrókur. Hraðastillir sem er sjaldgæft í þessum bílum. Ekinn 183 þús km. og var í leiguakstri og því verið í toppviðhaldi. Tilboðsverð aðeins 990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**


Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS
ÁBENDINGALÍNA
SAFT


## Bátar




## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Málarar

**REGNBOGALITIR.IS**
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Tilraunaeldi á gullinrafa á vegum Stolt Sea Farm, Reykjanesbæ**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **21. júní 2021.**

## ÚTBOÐ

NÝR LANDSPÍTALI

## Nýr Landspítali við Hringbraut Jarðvinna Rannsóknahús Útboð nr. 21357

RRíkiskaup fyrir hönd verkkaupa sem er Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir tilboðum í verkið „Nýr Landspítali við Hringbraut – Jarðvinna Rannsóknahús"
Verkið er á suðurhluta lóðar Landspítala við Hringbraut, vestan við Læknagarð, hús Háskóla Íslands.
Verkefni þetta nær til þess að grafa fyrir nýju Rannsóknahúsi við Burknagötu. Til verkefnisins heyrir einnig vinna við undirbúning uppgraftrarins í húsgrunni, s.s. rif á malbikuðu bílastæði, rif á gasgeymsluskýli, förgun lagna og rafstrengja o.fl. Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| **Upprif og förgun á malbiki** | **3.725** | **$m^2$** |
| **Laus jarðvegur, óburðarhæfur** | **8.250** | **$m^3$** |
| **Uppgröftur og brottakstur á losaðri klöpp** | **13.300** | **$m^3$** |
| **Bergklipping (presplitt)** | **1.000** | **$m^2$** |
| **Bergskering klappar** | **9.500** | **$m^3$** |

**Verkinu skal vera að fullu lokið 31. desember 2021.**

Nánari upplýsingar er að finna í rafrænu útboðskerfi Ríkiskaupa, https://tendsign.is/. Leiðbeiningar: https://www.rikiskaup.is/is/utbodsthjonusta/leidbeiningar-fyrir-tendsign

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

**Gjöldin eru:** Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. maí 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2021 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. maí 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 18. maí 2021***

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN**

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# ÁLETRUN OG VINNA*

## INNIFALIN Á ÖLLUM LEGSTEINUM

### AÐ AUKI ER 20% AFSLÁTTUR AF LEGSTEINUM Í MAÍ



**ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ**
**FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU**

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Innifalin áletrun miðast við 1 - 2 nöfn ásamt uppsetningu legsteins.
Akstursgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNIR 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**RUNARMURARI.IS**

Tröppuviðgerðir

Húsaviðgerðir

Þakmálning

Málning

o.m.fl.

**runarmur@gmail.com**

**S. 7743800**

## Spádómar

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA **562 8211** EURO

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Keypt & Selt

## Til sölu

**Gítarinn ehf.**

Stórhöfði 27

Sími 552 2125

www.gitarinn.is




Mikið úrval

Verð við allra hæfi

**mýranaut**

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut







DÝNUDAGAR
Sérsníðum dýnur í öllum stærðum og gerðum fyrir hjónarúmið, bústaðinn, hjólhýsið, húsbílinn, fellihýsið og barnarúmið
20% afsláttur af öllum dýnum.
Komdu og gerðu frábær kaup
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | HOFSBÓT4 | AKUREYRI | 462 3504 | VOGUE.IS



Elskuleg mamma mín, tengdamamma, amma, langa- og langalangamma,

**Helga Steinunn Jónsdóttir**

frá Syðstabæ í Hrísey,

lést á dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík, þriðjudaginn 11. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóna Jóhannsdóttir Hannes Sveinn Gunnarsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



Okkar ástkæri

**Arthúr Karl Eyjólfsson**

lést að heimili sínu 22. mars sl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Börn, barnabörn og systkini.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Magnúsdóttir**

Hlaðbæ 20, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi föstudaginn 7. maí. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 25. maí kl. 15.

**Örlygur V. Árnason Ásrún Vilbergsdóttir**
**Gunnar V. Árnason**
**Magnús H. Hákonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar elskulega og ástkæra eiginkona, mamma, amma, tengdamamma og systir,

**Gerður H. Helgadóttir**

lést á líknardeild þriðjudaginn 4. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 15.

**Gunnar Gunnarsson**
**Helgi Gunnarsson Brynhildur Björnsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson Katla Hanna Steed**
**Arna Sif Gunnarsdóttir Sigfús Jónsson**
**og barnabörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason *útfararstjóri*



Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*



Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri*



Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Stefánsdóttir**

Árskógum 3A, Reykjavík,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 8. maí. Útförin fer fram í Garðakirkju þriðjudaginn 18. maí klukkan 15.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Fjölskyldan sendir sérstakar þakkir til starfsfólks HERU fyrir ómetanlega umönnun. Streymt verður frá athöfninni, hlekk má finna á www.mbl.is/andlat.

**Guðrún Gísladóttir Bragi Guðmundsson**
**Vilmundur Gíslason Sigrún Oddsdóttir**
**Hafliði Gíslason Kristina Olofsdotter**
**Guðný Gísladóttir Þorri Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Guðlaug Angantýsdóttir**

frá Hauganesi,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 11. maí. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Beykihlíðar fyrir frábæra umönnun,

**Árni Baldur Ólason**
**Angantýr Arnar Árnason Björk Elva Brjánsdóttir**
**Árni Grétar Árnason Kolbrún María Hannesdóttir**
**Óli Þór Árnason Selma Maríusdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þorbjörg J. Ólafsdóttir**

ljósmóðir,
Urriðakvísl 16, Reykjavík,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 11. maí. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón M. Benediktsson**
**Þórólfur Jónsson Nanna Viðarsdóttir**
**Ragnheiður Jónsdóttir Erlend Nicolaisen**
**Þórhildur Jónsdóttir Jón Hákon Hjaltalín**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingi Ársælsson**

múrari,
Rauðhömrum 10, Reykjavík,

lést 10. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 26. maí kl. 13.

**Aðalbjörg Ingadóttir Bolli Árnason**
**Pétur Ingason Magna Jónmundsdóttir**
**Soffía Ingadóttir**
**Ásæll Ingi Ingason Vilborg Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir minn, afi, langafi og bróðir,

**Kristján Garðarsson**

*síðast til heimilis á Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði,*

andaðist á Sólvangi, Hafnarfirði, miðvikudaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 20. maí kl. 11.00. Vegna aðstæðna geta þeir sem óska eftir að fá að mæta haft samband við aðstandendur. Athöfninni verður streymt á slóðinni https://youtu.be/URJMTffgiPM og eins verður hægt að nálgast virkan hlekk á mbl.is/andlat.

**Valborg H. Kristjánsdóttir**
**Kristján Garðar Arnarson Katrín Georgsdóttir**
**Jónína Guðrún Arnardóttir Arnar Emil Hjartarson**
**Kristinn Örn Arnarson Elín Ósk Ellertsdóttir**
**langafabörn og bræður hins látna.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Svala Valdemarsdóttir**

Arkarholti 14, Mosfellsbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 15. maí. Útför verður auglýst síðar.

**Gunnar Rafn Jóhannesson**
**Helga Gunnarsdóttir Sigurður H. Ásgeirsson**
**Sigurður Rafn Gunnarsson Nicola Winterson**
**Thelma Gunnarsdóttir Georg Vilhjálmsson**
**Vala Gunnarsdóttir Gísli Finnsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðríður Tómasdóttir**

verður jarðsett á morgun, miðvikudaginn 19. maí, kl. 13.00 frá Háteigskirkju.

**Stefán Jóhann Björnsson Anna Björg Elísdóttir**
**Þórir Björnsson Margrét Ósk Guðmundsdóttir**
**Gunnar Björnsson Andrea Margrét Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hannes Ágústsson**

Bölum 4, Patreksfirði,

lést á sjúkrahúsinu á Patreksfirði mánudaginn 10. maí. Útförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 22. maí klukkan 14. Útförinni verður streymt á http://bit.ly/patreksfjardarkirkja

**Valgerður Lára Hannesdóttir**
**Hanna Tenden Jasper Jansen**
**Torleif Tenden Ingrid Maurset**
**Sigurður Pétur Hannesson Guðrún Eggertsdóttir**
**Rebekka Þurý Pétursdóttir Kári Þór Arnarsson**
**Hannes Már Pétursson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Baldur Kristjánsson**

sálfræðingur,
Valshlíð 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 9. maí í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu á Sléttuvegi. Útför hans fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 13. Í ljósi aðstæðna verður athöfnin með nánustu aðstandendum og vinum, en þeir sem vilja koma er bent á að senda tölvupóst á netfangið sib30@hi.is. Athöfninni verður einnig streymt. Sjá hlekk á mbl.is/andlat.

**Svala Björgvinsdóttir**
**Björgvin R. Baldursson Erla Þórisdóttir**
**Sigríður Baldursdóttir Abblay Sanneh**
**Sif Baldursdóttir Guðmundur Björnsson**
**barnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .




# H1 rafmagnsborð

# 35% afsláttur

verð nú frá
**57.900 kr.**

| 100 cm borð | 120 cm borð |
|---|---|
| LISTAVERÐ: 89.500 kr. | LISTAVERÐ: 93.500 kr. |
| VERÐI NÚ: **57.900 kr.** | VERÐI NÚ: **59.900 kr.** |

| 140 cm borð | 160 cm borð |
|---|---|
| LISTAVERÐ: 97.500 kr. | LISTAVERÐ: 100.500 kr. |
| VERÐI NÚ: **62.900 kr.** | VERÐI NÚ: **64.900 kr.** |

**Fætur** til á lager
í svörtu, hvítu og gráu.
**Plötur** til á lager
í svörtu, hvítu, eik og beyki.

# 30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BJARG STÓLUM



**Bjarg HB+**
VERÐ NÚ
**118.900 kr.**
LISTAVERÐ
169.900 kr.



**Bjarg MB**
VERÐ NÚ
**64.900 kr.**
LISTAVERÐ
94.900 kr.

**www.hirzlan.is**

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

**Verslun opin**
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

**Lager opinn**
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðaustan 5-13 m/s. Lítils háttar él á NA- og A-landi, annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt, en heldur hægari vindur S-lands og stöku skúrir þar í dag. Hiti 2 til 9 stig að deginum, mildast sunnan heiða. ■

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Douven átti leik gegn Greenfeld í Groningen árið 1988.

**1. Hc8! Db6** (1...Hxc8 2. Dd8+). **2. Dd8! 1-0.** Víkingaklúbburinn varð Íslandsmeistari skákfélaga í þriðja skipti í röð um helgina. SSON varð í öðru sæti og Huginn í því þriðja. Þau lið skipa nýja úrvalsdeild sem hefst í haust ásamt Fjölni, Taflfélagi Reykjavíkur og Skákfélagi Akureyrar sem enduðu í 4.-6. sæti.

**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga. ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**1** þvo
**5** tangarhald
**6** átt
**8** fyrirlestur
**10** tveir eins
**11** umyrði
**12** betur
**13** megn
**15** upphaf
**17** snákur

**LÓÐRÉTT**
**1** laumast
**2** kk nafn
**3** kúgun
**4** svipan
**7** orðaskipti
**9** sæmilega
**12** unaður
**14** málmur
**16** tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 skola, 5 tak, 6 nv, 8 erindi, 10 ll, 11 orð, 12 skár, 13 stæk, 15 tilurð, 17 naðra.
**LÓÐRÉTT:** 1 stelast, 2 karl, 3 oki, 4 andrá, 7 viðræða, 9 nokkuð, 12 sæla, 14 tin, 16 rr.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






JS WATCH CO. REYKJAVIK

# Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi





HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA.

ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI.

ISLANDUS DAKOTA
SILFUR SKÍFA MEÐ SVÖRTUM SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS

SIF NART 1948 MEÐ BLÁRRI BURSTAÐRI SKÍFU, SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM

ARC-TIC ICELAND







ARC-TIC ÚR MEÐ LEÐURÓL
29.900.-

ARC-TIC ÚR MEÐ STÁLÓL
34.900.-

GILBERT ÚRSMIÐUR

GILBERT ÚRSMIÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

# Samræðulist

MYNDLIST

## Eilíf endurkoma

**Kjarvalsstaðir**
**Aðalsteinn Ingólfsson**

Mestan hluta tuttugustu aldar var myndlist Jóhannesar Kjarval óefað skör hærra í vitund íslensku þjóðarinnar en myndlist nær allra samtímamanna hans. Hér var ekki um að kenna þeim þremur meinsemdum sem nú spilla eðlilegri umgengni okkar við myndlist, ýkjum, vörumerkingu og afþreyingarvæðingu hennar, það sem á alþjóðlegu viðskiptamáli er nefnt „hype" og „branding", heldur beinum og milliliðalausum tengslum listamanns og þjóðar.

Ekki þarf annað en fletta í gegnum umfangsmikið bréfasafn listamannsins, sem varðveitt er að Kjarvalsstöðum, til að verða þess áskynja hvaða hug alþýða manna um allt land, ekki síst skynugar konur, bar til verka listamannsins. Í augum þessa fólks var Kjarval sá sem opnaði augu þjóðarinnar fyrir fegurð landsins, sem lengi hafði verið undirlagt nytsemdarhugtakinu – bókstaflega breytti viðhorfi landsmanna til örfoka óbyggða. Hann var einnig sá sem skynjaði mikilvægi skáldskaparins og ævintýranna fyrir þjóðarsál, sem barist hafði fyrir tilveru sinni í aldaraðir.

Loks má segja að Kjarval, ásamt með Halldóri Laxness, eigi höfundarréttinn að skilgreiningunni á fyrirbærinu „Íslendingur", um það leyti sem sú manntegund stígur inn í tuttugustu öldina. „Hausarnir hans Kjarvals" eru magnaðar lýsingar á fólki sem stærði sig af ættartengslum við jafnt bergrisa sem norræna konunga.

**Ósnertanlegur meistari**

Á löngum listamannsferli Kjarvals var fátítt að aðrir listamenn leituðu í smiðju til hans, eða efndu til einhvers konar samræðu við verk hans, eins og nú er í tísku. Sennilega kom þar margt til, ómæld virðingin sem flestir báru fyrir honum, sérstök stílbrögð hans, ekki síst síkvik teikningin í málverkinu, sem menn töldu hann eiga einkaleyfi á, og síðast en ekki síst takmarkaður skilningur á því sem fyrir honum vakti.

Enn í dag er ég ekki viss um að Íslendingar hafi skilið Kjarval til fullnustu, til dæmis hvaða augum hann lítur hugtakið „staður". Öðru hvoru má að sönnu sjá hvernig samferðamenn hans, á borð við Ásgrím Jónsson, Þórarinn B. Þorláksson eða Jón Stefánsson, freista þess að kveikja nýtt lífi í yfirborði mynda sinna með því að líkja eftir málaratöktum Kjarvals, en allt eru þetta skammvinnar undantekningar. Það er varla fyrr en á sjötta áratugnum, þegar listamaðurinn er smátt og smátt að breytast úr ósnertanlegum „meistara" í aldurhnigna goðsögn, að við sjáum allsherjar yfirtöku á „kjarvölskum" stíl eiga sér stað, til að mynda í málverkum Péturs Friðriks frá Þingvöllum og Vífilsfelli.



Verk Páls frá Húsafelli eru áberandi og njóta sín afar vel á sýningunni á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ýmislegt annað á þessari sýningu er hins vegar svo vel til fundið að áhorfandinn grípur andann á lofti.

Ýmiss konar rannsóknir á verkum Kjarvals hin síðari ár, stóra bókin Nesútgáfunnar frá 2005, fræðigreinar í tímaritum og bókum, að ógleymdum samsýningunum „um" Kjarval, sem haldnar hafa verið að Kjarvalsstöðum, til dæmis sýning og bók þeirra Æsu Sigurjónsdóttur og Kristínar Guðnadóttur um rissmyndir listamannsins, sýning Eggerts Péturssonar um blómamyndir hans og nokkrar aðrar þematengdar sýningar hafa afhelgað Kjarval, ef svo má segja. Um leið hafa þær fært hann nær samtíma okkar.



Innsetning Ólafs Elíassonar frá árinu 2019 ætti að gleðja listunnendur.

Þetta hefur orðið til þess að síðari tíma listamenn hafa í auknum mæli farið að mæla sig við hann og arfleifð hans, meðvitað eða ómeðvitað, án þess þó að gangast að fullu undir þau viðhorf sem birtast í myndum hans. Þarna er Einar Garibaldi klárlega mikilsverður undanfari með táknmyndir sínar af „kjarvölskum" stöðum.

**Frjóir lærisveinar**

Listasafn Reykjavíkur hefur nú efnt til eins konar úttektar á samræðum og tengingum í þessa veru milli yngri listamanna og Kjarvals, undir nafninu „Eilíf endurkoma", sem dreifist um gjörvöll salarkynni Kjarvalsstaða. Þetta er í stuttu máli afar vel heppnuð samsýning, áræðin, andrík og krefjandi fyrir huga og tilfinningalíf skoðandans, auk þess sem hún eykur ótvírætt á skilning hans jafnt á hugarheimi „meistarans" og „lærisveinanna". Að vísu kemur fyrir að skipuleggjendur fara offari í leit sinni að samtímalist sem hæfir tilefninu. Til dæmis er ég ekki viss um að myndröð Gjörningaklúbbsins, sem sýnir furðulega uppáklæddar konur, nánast framandi verur, taka þátt í björgunaraðgerð á íslenskri sjávarströnd, sé hér á réttum forsendum. Verurnar sem iðulega vakna til lífsins í landslagsmyndum Kjarvals eru aldrei framandi heldur holdgervingar umhverfis síns.

Enn og aftur virðist síðan brýnt að láta verk Ragnars Kjartanssonar fljóta með á hverri samsýningu, hvert sem samhengið er. Því eru hér til sýnis nokkrar illa máluðar myndir eftir hann af hrauni – skráðar sem gjörningur.

Ýmislegt annað á þessari sýningu er hins vegar svo vel til fundið að áhorfandinn grípur andann á lofti. Upplýst einingaverk Ólafs Elíassonar kallast þráðbeint á við sneið- og kubbamyndir Kjarvals af íslensku landslagi, sem er ein aðferð listamannsins til að greina byggingarstíl náttúrulegra viðfangsefna. Í námunda við þann hluta sýningarinnar er líka vídeóverk Sigurðar Guðjónssonar, sem alveg óvænt varpar ljósi á „Krítík", risastórt og frægt málverk Kjarvals. Fyrir vikið leyfist okkur nú að skynja það sem túlkun á óþrotlegri viðleitni listamannsins til að ná tökum á umhverfi sínu. Firna löng „næturmynd" Kristjáns Guðmundssonar talar síðan beint til rökkurmyndanna sem Kjarval gerir af Þingvöllum.

Rúsínuna í pylsuendanum er svo að finna í öðrum enda austursalar, þar sem þrenns konar leiðir eru notaðar samtímis til að lýsa náttúruskoðun Kjarvals: magnað málverk af íslenskum berangri, nokkur máluð og samskeytt tilbrigði um tiltekið landslagsstef, og loks alltumlykjandi myndbandsverk af innviðum hrauns eftir Steinu Vasulka. Hér er við hæfi að róma sýningarhönnun Axels Hallkels Jóhannessonar – öðru nafni Langa Sela.

**Afkomendur í nútíð**

Fleira á sýningunni ætti að gleðja glöggan áhorfanda. Páll Guðmundsson frá Húsafelli, kannski einn helsti „afkomandi" Kjarvals í myndlist nútíðar, fær hér að njóta sín við réttar aðstæður. Ég var ekki alveg eins sannfærður um hlutverk Egils Sæbjörnssonar. Fyrir það fyrsta er hann helst til plássfrekur í þessu samhengi. En lýsing aðstandenda á „lifandi" efnisheimi þeirra beggja, Kjarvals og Egils, varð til þess að telja mér hughvarf. Þeir félagarnir, Egill, Úgh og Böögâr mega alveg vera með. ■



Listakonan Moki sýnir verk sín.

## Moki í Gerðubergi

kolbrunb@frettabladid.is

Í tilefni af Barnamenningarhátíð hefur verið opnuð sýningin Mýrlendi í Borgarbókasafninu Gerðubergi. Á sýningunni sýnir þýska myndlistarkonan Moki verk sín; teikningar, skúlptúra og textílverk, sem byggja á myndasögu hennar, Sumpfland, sem kom út árið 2019. Á sýningunni Mýrlendi vakna persónur úr bókinni til lífs og áhorfandinn fær að upplifa framandi landslag hins ímyndaða heims.

Sýningin stendur til 14. júní. ■

# Þjóðleikhúsið sýnir verk eftir Caryl Churchill

kolbrunb@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið setur upp leikrit eftir Caryl Churchill, eitt virtasta leikskáld Bretlands. Churchill (f. 1938) er í hópi framsæknustu leikskálda samtímans, og er hún þekkt fyrir afar áhugaverðar tilraunir með form og innihald. Churchill hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, sem gjarnan fjalla um áleitin viðfangsefni úr samtímanum, femínísk málefni, kynjapólitík, vald og misbeitingu þess. Verk hennar hafa verið sett upp í öllum helstu leikhúsum Bretlands og víða um heim.

Í verkinu Ást og upplýsingar, sem frumflutt var í Royal Court leikhúsinu í London árið 2012, kryfur Caryl Churchill samtíma okkar. Hún skoðar hina djúpstæðu löngun okkar til að upplifa nánd og vera elskuð.

> Verk hennar hafa verið sett upp í öllum helstu leikhúsum Bretlands og víða um heim.

Verkið verður frumsýnt í Kassanum í febrúar 2022, og munu sjö leikarar taka þátt í sýningunni. Þýðandi er Auður Ava Ólafsdóttir og leikstjóri er Una Þorleifsdóttir. ■



Caryl Churchill er eitt virtasta leikskáld Bretlands.

# SAMSUNG

# TILBOÐSDAGAR

AFSLÁTTUR **15%** AFSLÁTTUR



KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS




AFSLÁTTUR **70.000 kr** AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR **40.000 kr** AFSLÁTTUR

## 75" QLED Q80T
## KR. 349.900,-

## 65" QLED Q77T
## KR. 179.900,-

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# BETRI SVEFN BETRA LÍF

**Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.**



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK




# Þriðjudagur

## Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Kaupmaðurinn á horninu** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
20.00 **433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 **Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
21.30 **Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.

## RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Kastljós**
11.25 **Menningin**
11.35 **Af fingrum fram** Gunnar Þórðarson.
12.15 **Gönguleiðir**
12.35 **Hraðfréttir**
12.45 **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
13.00 **Fólkið í landinu** Haraldur Bessason.
13.20 **Hrefna Sætran grillar** Nautakjöt.
13.45 **Eldfjöll í geimnum**
14.35 **Skyndimegrunartilraunin**
15.25 **Menning í mótun**
16.20 **Rotterdam kallar**
16.50 **Daði og gagnamagnið**
17.25 **Táknmálsfréttir**
17.35 **KrakkaRÚV**
17.36 **Rosalegar risaeðlur**
18.04 **Verkstæðið** Búum til myndaramma.
18.10 **Krakkafréttir**
18.20 **Fréttir**
18.40 **Íþróttir**
18.45 **Veður**
19.00 **Eurovision 2021 Fyrri undankeppni** Bein útsending frá fyrri undanúrslitum Eurovision í Rotterdam. Þulur er Gísli Marteinn Baldursson.
21.05 **Eurovison 2021 - Skemmtiatriði** Skemmtiatriði sem flutt var í hléi í Eurovision í Rotterdam.
21.15 **Tónlistarstraumar** Við rifjum upp nokkur gömul og góð lög í nýjum útsendingum sem flutt voru í þáttunum Straumar á RÚV fyrr á þessu ári. Áhersla verður lögð á Eurovision-þáttinn þar sem m.a. lögin Hægt og hljótt, Nei eða já, Save Your Kisses for Me voru flutt. Framleiðsla: RÚV.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Gátan ráðin í San Francisco Bletchley Circle. San Francisco**
23.05 **Málmhaus**
00.40 **Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

09.40 **European Tour** Útsending frá Betfred British Masters.
14.40 **European Tour** Útsending frá Betfred British Masters.
19.10 **European Tour 2021 - Highlights**
19.35 **European Tour** Útsending frá Betfred British Masters.

## Sjónvarp Símans

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **George Clarke's National Trust Unlocked**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil (**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Zoey's Extraordinary Playlist**
21.00 **FBI**
21.50 **Hightown**
22.45 **Pose**
23.45 **The Late Late Show**
00.30 **Love Island**
01.25 **Ray Donovan**
02.15 **Chicago Med**
03.00 **Station 19**
03.45 **Queen of the South**
04.30 **Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið** Fyrri og seinni hluti.
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Lofthelgin**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Krakkakastið Gói**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu** Concerto Copenhagen barokksveitin.
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.30 **Kvöldsagan. Njáls saga** (6 af 29)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

11.55 **Justice League vs. the Fatal Five**
13.10 **The Miracle Season**
14.45 **Honey. Rise Up and Dance**
16.25 **Justice League vs. the Fatal Five**
17.40 **The Miracle Season**
19.20 **Honey. Rise Up and Dance**
21.00 **The Hustle**
22.30 **Blood Money** Spennumynd frá 2017 með John Cusack í aðalhlutverki.
23.55 **Line of Duty** Spennutryllir frá 2019 með Aaron Eckhart, Ben McKenzie og Giancarlo Esposito í aðalhlutverkum.
01.30 **The Hustle**

## Stöð 2

07.55 **Heimsókn**
08.15 **Grey's Anatomy**
09.00 **Bold and the Beautiful**
09.25 **The O.C.**
10.05 **Logi í beinni**
10.55 **Your Home Made Perfect**
11.55 **NCIS**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Friends**
13.20 **Grey's Anatomy**
14.05 **First Dates**
14.50 **Ísskápastríð**
15.20 **Sendiráð Íslands**
15.40 **Falleg íslensk heimili**
16.10 **BBQ kóngurinn** Brakandi ferskir grillþættir þar sem Alfreð Fannar Björnsson sýnir okkur heitustu grillréttina fyrir sumarið. Í sínu náttúrulega umhverfi eða á pallinum heima hjá sér í Grindavík ætlar hann að reiða fram rjúkandi góðar og girnilegar grillveislur með ómótstæðilegu meðlæti sem svíkja engan!
16.35 **Who Wants to Be a Millionaire**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.05 **Last Man Standing**
19.30 **Mom** Áttunda gamanþáttaröðin um vinkonurnar í Napa Valley í Kaliforníu sem eiga það sameiginlegt að vera allar óvirkir fíklar og vinna í því á hverjum degi að halda lífi sínu á réttu róli.
20.00 **Manifest**
20.45 **Citizen Rose**
21.30 **Magnum P.I.**
22.15 **Last Week Tonight**
22.45 **The Wire**
23.45 **The Gloaming**
00.45 **A Teacher**
01.15 **LA's Finest**
02.00 **Grey's Anatomy**
02.40 **The O.C.**
03.20 **NCIS**

## Stöð 2 Sport

08.00 **Dominos Körfuboltakvöld kvenna**
08.40 **Pepsi Max Stúkan**
09.50 **Keflavík - Tindastóll**
11.30 **Valur - KR**
13.10 **Stjarnan - Grindavík**
14.50 **Haukar - FH**
16.20 **Keflavík - Haukar**
18.05 **Tindastóll - Keflavík** Bein útsending frá leik í Dominosdeild karla.
20.05 **Grindavík - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Dominosdeild karla.
22.10 **Fjölnir - Valur**
23.50 **KR - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.

## Stöð 2 Sport 2

08.30 **Spezia - Torino**
10.15 **Juventus - Inter Milan**
11.55 **Roma - Lazio**
13.35 **Chelsea - Leicester City** Útsending frá úrslitaleik í FA Cup.
15.35 **Spænsku mörkin**
16.25 **Bournemouth - Brentford**
18.05 **EM 1986** Farið yfir hvernig rómverska liðið Steaua náði að sigra stórliðið Barcelona á Evrópumótinu 1986.
18.25 **Lazio - Torino** Bein útsending.
20.30 **Barnsley - Swansea**
22.10 **Athlético Madrid - Osasuna**
23.50 **Ítölsku mörkin**




# 433.is

## ÞRIÐJUDAGA KL. 21.30

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna. Hér er að ferðinni þáttur fyrir alvöru knattspyrnuáhugamenn.

HRINGBRAUT

# Forrétturinn af veisluhlaðborðinu

**Fyrra undankvöldið í Eurovision fer fram í kvöld. Spennan er mikil enda hefur á ýmsu gengið á í Rotterdam. Hollendingar lofa góðri sýningu sem öll álfan ætti að geta notið. Flestra augu beinast að fimmtudeginum enda stígur Daði þá á svið með sínu Gagnamagni. En í kvöld er forréttur.**

benediktboas@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is



Destiny frá Möltu hefur verið spáð góðu gengi en þeir sem hafa fylgst með henni á sviðinu finnst eins og hún sé ekki að ná að skila laginu alla leið heim í stofu. MYND/EBA

Litháar stíga fyrstir á svið þar sem Roop telur í partíið. Roop, líkt og Daði, voru fulltrúar lands síns í fyrra og er aftur spáð velgengni. Það er ekki tilviljun að þeir hefja keppni því lagið Diskotech er líkt og snýtt út úr nösinni á hefðbundnu Eurovision-partílagi.

Ana Soklič tekur við með lag sitt Amen fyrir Slóveníu. Það má hækka í bassanum í þessu lagi. Eldur og læti þegar c-kaflinn hljómar. Tilfinningaþrungið hallelúja og töluverð gleði.

Risarnir frá Rússlandi koma þriðju á svið en síðustu árin hafa Rússar verið yfirleitt nálægt toppnum. Í 20 tilraunum hafa Rússar endað í topp fimm alls níu sinnum þó þeir hafi bara unnið keppnina einu sinni. Rússar fóru ekki sömu leið og Ísland og slaufuðu keppendum sem áttu að keppa í fyrra. Þeirra í stað kemur Manizha, af tsjetsjenskum ættum, semur lagið og textann og gerir eiginlega allt sjálf. Það heyrist einmitt tsjetsjenska í laginu. Þetta er óður til kvenna og ætti að fljúga upp úr undanriðlinum.

*Every Russian Woman*
*needs to know,*
*You're strong enough to*
*bounce against the wall.*

Svíar bjóða upp á Tousin Michael Chiza eða Tusse með lagið sitt Voices. Tusse er þekktur í heimalandinu og lagið er klassískt Eurovision-lag með þögn, upphækkun og gleði. Það má alveg dilla sér við þetta og líklegt að börn fái Million Voices-kaflann á heilann. Einhverjir hafa sagt að um sé að ræða slappasta lag Svía um árabil.

Ástralir eru í svipuðum málum og Svíar og ætla ekki að sigra í keppninni í ár. Ástralir hafa hingað til verið þekktir fyrir nýstárleg lög og sviðsetningu en lagið Technicolour með söngkonunni Montaigne er þeirra hefðbundnasta Eurovisionlag til þessa. Bjargi sviðsetning ekki laginu er óvíst að það komist lengra.

Makedónum er spáð slæmu gengi og lítið hægt að segja um það lag.

Kýpur hefur sent eiginlega sama lag síðan árið 2018, þegar Fuego kom, sá og sigraði næstum því. Nú eiga þau að fljúga áfram með El Diablo sem Elena Tsagrinou syngur um. Þetta er af hillu Fuego. Sjóðheitt og taktfast júrópopplag.

*Mama mama cita,*
*Tell me what to do.*
*Lola lola loca,*
*I'm breaking the rules.*

Þetta eru línur sem gætu heyrst í sumar.

Tix með Fallen Angel frá Noregi er spáð að eiga þokkalega góðan séns. Andreas Haukeland er með tourette og líkir sér við ljóta andarungann. Þarna eru vængir og sólgleraugu með smá vindvél. Frikki Dór myndi pottþétt vinna keppnina ef hann kæmist með puttana í þetta lag.

Króatar eru með Tic Tock sem ætti nú að fleyta þeim áfram bara út af nafninu. Það eina sem fólk hefur áhyggjur af er að röddin klikki á sviðinu. En viðlagið er grípandi og það eru eldur og stuð á sviðinu. Alvöru júrólag.



Kýpur sendir enn á ný unga söngkonu ásamt kunnuglegum takti. MYND/EBA

» **Ástralir eru ekki í Rotterdam og senda sitt atriði frá heimalandinu sem er eiginlega ekkert spes.**

Eden Alene er frá Ísrael og fæddist í Jerúsalem. Hún er ballerína en skipti út ballerínuskónum fyrir míkrófóninn. Taktfast með fiðlu. Þetta gæti skorað hátt og ætti að fljúga áfram. Það er reyndar spurning hvort pólitíkin þvælist fyrir enda beinast augu heimsbyggðarinnar að landinu og hernaðarverkum þess.

Roxen frá Rúmeníu er með lagið Amnesia. Lagið verður í baráttunni um að komast áfram. Við Íslendingar ættum að kjósa hana enda er Roxen frá Cluj þar sem Rúnar Már Sigurjónsson spilar fótbolta. Lagið vex í hlustun en kannski of seint.

Aserar eru einnig í baráttunni. Efendi er með lagið Mata Hari sem er Austur-Evrópa í tali og tónum. Dansinn er dáleiðandi um miðbik lagsins og þetta er hennar tækifæri. Var búin að reyna fimm sinnum að fara í Eurovision. Minnir á Ariönu Grande sem ætti að duga.

Go_A frá Úkraínu er spáð góðu gengi. Þetta er auðvitað stórfurðulegt lag en einhvern veginn virkar þetta.

*Siyu, siyu, siyu,*
*siyu konopelechky.*
*Siyu, siyu, siyu,*
*siyu zelenesenki.*
*Syngið með.*

Destiny frá Möltu er spáð sigri og ætti að fljúga áfram. Hún vann Junior Eurovision 2015 og hefur spreytt sig í Britain's Got Talent. Þetta er dansvænt popp með svakalegri rödd Destiny. Saxófónn og stuð hefur oft virkað með fínlegum handahreyfingum. Þetta er einfaldlega lag sem flýgur upp úr undankeppninni. ■

## Eurovika á Kex með FÁSES

**Í kvöld** ætlar FÁSES-hópurinn að hittast og horfa saman á fyrri undankeppni Eurovision. Þar verður um sannkallað smelluþon að ræða og nóg af Fuego.

**Á morgun** verður barsvar klukkan 20 þegar guðspjallamennirnir Jóhannes Þór Skúlason og Markús Þórhallsson júróspekúlantar spyrja fólk spjörunum úr.

**Á fimmtudag** mun Eiríkur Hafdal spila júróhittara og stýrir samsöng. FÁSES ætlar einnig að ná tali af íslensku sendinefndinni beint frá Rotterdam.

**Föstudaginn 21. maí** verður Eurovision karíókí að hætti FÁSES. Daníel Arnarsson heldur uppi stuðinu og sér til þess að vandað verði til lagavals. Búningakeppni fyrir þá allra hugrökkustu.

**Laugardaginn 22. maí** verður síðan sannkölluð Eurovisionhátíð frá kl. 14 á Kex hosteli: Eurovision Zumba með Flosa, DJ Gloria Hole, Selma Björnsdóttir og Eurobandið troða upp. Að sjálfsögðu verður horft saman á úrslitin og skálað – vonandi fyrir sigri Daða.

## Spá Fréttablaðsins í kvöld

| | |
|---|---|
| Malta | Noregur |
| Aserbaísjan | Króatía |
| Svíþjóð | Rússland |
| Litháen | Úkraína |
| Kýpur | Rúmenía |



Svíar vilja ekki vinna í ár.



Rúmenar senda tregatóna á sviðið.



Litháen hefur keppnina með klassísku Eurovision-stuðlagi.


Pizza Hut
VEISLUVIKA
17.–23. MAÍ – TAKE AWAY
USA★COMBO 1.990
STÓR PÖNNUPIZZA – PEPPERONI • 5 VÆNGIR – BBQ EÐA BUFFALO
pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

# Sálarkvikan flæðir frá kotungsríki

thorarinn@frettabladid.is

**Norðurlandafrumsýning íslensk-slóvakísku kvikmyndarinnar Kotungsríkið, eða Malá rísa, verður í Bíó Paradís á Stockfish-kvikmyndahátíðinni á mánudagskvöld.**

Sæmundur Norðfjörð, hjá Loka kvikmyndagerð, kom að myndinni á frumstigi og ákvað að halda áfram sem meðframleiðandi eftir að horfið var frá því að taka myndina á Íslandi. Framlag Íslands vegur engu að síður þungt þar sem Valgeir Sigurðsson var fenginn til þess að semja tónlist myndarinnar fyrir tilstilli Sæmundar.

„Þessi mynd er ekki gerð fyrir mikinn pening en það er mikil sál í þessu þannig að ég er bara mjög sáttur og stoltur,“ segir Sæmundur sem fær nú loksins tækifæri til þess að sýna Kotungsríkið á Íslandi.

**Epísk kvika**

Peter Magat leikstýrir myndinni eftir handriti sem írski handritshöfundurinn Ewan Glass staðfærði. „Samstarfið byrjaði þannig að þau komu hingað með hugmynd um að gera mynd eftir mjög frægu dansverki sem heitir Epic og vildu jafnvel mynda hér og þannig tengdist ég þessu upphaflega.“

Þegar grunnhugmyndin fór að taka á sig skýrari mynd var ákveðið að finna sögunni stað í seinni heimsstyrjöldinni. „Þá enduðum við á að skjóta þetta allt í Slóvakíu,“ segir Sæmundur um Íslandstenginguna sem þá hafi óhjákvæmilega rofnað.

„Við héldum þó samstarfinu áfram og ég útvegaði þeim Valgeir Sigurðsson tónskáld til þess að semja tónlistina fyrir myndina. Þessi tónlist gerir náttúrlega ansi mikið fyrir myndina og Valgeir var það ánægður með útkomuna að hann ákvað að gefa út sérstakt tónverk sem heitir Kvika og er byggt á kvikmyndatónlistinni.

**Rauðir tónar**

Valgeir hefur getið sér gott orð sem kvikmyndatónskáld og státar meðal annars af þekktum myndum á borð við Being John Malkovich og Dancer in the Dark. Hann hefur þegar gefið Kviku út, sem sérstakt tónverk, rafrænt á Bandcamp.com og Sæmundur vonast til þess að sérstök vínylútgáfa berist til landsins í tæka tíð fyrir frumsýninguna.




## Kotungsríkið

Malá rísa, eða Kotungsríkið, gerist í þorpi í Slóvakíu undir lok seinni heimsstyrjaldar. Eva er ung kona sem vinnur baki brotnu í einu verksmiðju þorpsins. Þar ræður ríkjum smákóngurinn Bar sem allir eiga sitt undir og hann kúgar jafnt starfsfólkið sem og þorpsbúa.

Jack, ástmaður Evu, gegnir herskyldu en þegar hún sendir honum bréf um örlagaríkan viðburð í lífi þeirra ákveður hann að stinga af til þess að geta stutt ástina sína.

Hann sætir færis þegar herdeild hans kemur við á vændishúsi sem maddaman Cat rekur í nágrannabænum. Hún er þó ekki öll þar sem hún er séð og að hennar undirlagi gerir andspyrnuhreyfingin herflokknum fyrirsát.

Jack, sem er réttdræpur fyrir liðhlaup, hefur störf við hlið Evu sinnar í hergagnaverksmiðju Bars en málin vandast þegar Bar hyggst kvænast Cat í pólitískum tilgangi en hún aftur á móti rennir hýru auga til Jacks sem veit um þátt hennar í fyrirsátinni á meðan hún veit allt um liðhlaup hans.

Dramatískt uppgjör söguhetjanna er óumflýjanlegt þegar Þjóðverjar missa tökin í stríðinu og þorpið bókstaflega logar í illdeilum. Söguhetjurnar berjast fyrir lífi sínu og þá standa mannleg reisn og sannleikurinn ansi völtum fótum.



Sæmundur Norðfjörð og Zuzana Chadimova, framleiðendur Kotungsríkisins. MYND/AÐSEND



Sænska leikkonan Alicia Agneson og Lachlan Nieboer leika Evu og Jack.

> Þessi mynd er ekki gerð fyrir mikinn pening en það er mikil sál í þessu þannig að ég er bara mjög sáttur og stoltur.

## Stockfish-hátíðin

Eftir mikla óvissu og vangaveltur var ákveðið að láta slag standa og halda Stockfish-kvikmyndahátíðina í sjöunda sinn dagana 20. til 30. maí í Bíó Paradís.

Stockfish Film Festival & Industry Days er kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndabransanum og er haldin í samvinnu við öll fagfélög í kvikmyndagreinum á Íslandi.

Dagskrá hátíðarinnar er sögð með glæsilegasta móti þar sem sérvaldar hafa verið yfir tuttugu alþjóðlegar verðlaunamyndir. Nokkrar myndanna voru tilnefndar til Óskarsverðlauna og þar hlaut Promising Young Woman verðlaunin fyrir besta handritið.

Markmið Stockfish er að þjóna samfélaginu sem hátíðin sprettur úr, efla og auðga kvikmyndamenningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaiðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands.

„Þetta er rosalega falleg plata, rauð. Og er í takmörkuðu upplagi. 150 eintök eða eitthvað svoleiðis. Akkúrat þegar við ákváðum að gefa hana út byrjaði eldgosið í Geldingadölum. Þetta var bara eins og pantað,“ segir Sæmundur hlæjandi um Kvikuna sem greinilega var ætlað að fá að njóta sín. „Valgeir er flottur,“ heldur Sæmundur áfram og telur réttast að þeir sem vilji tryggja sér eintak af plötunni verði á tánum á næstu dögum.

**Veiruhöftum léttir**

Sæmundur segist aðspurður hafa verið nálægt því á tímabili að yfirgefa verkefnið eftir að tökur hér á landi duttu upp fyrir. Aðallega vegna þess hversu flókið ferlið var.

„Auðvitað var þetta mjög erfitt og langt ferli, en ég lærði nú í Tékklandi og Tékkar eru ekkert ólíkir Slóvökum og ég kunni vel við þetta fólk og vildi bara hjálpa þeim og þegar upp var staðið þá er ég bara mjög sáttur við útkomuna.“

Kotungsríkið var frumsýnd í Bratislava, höfuðborg Slóvakíu, í nokkrum flýti vegna styrkjamála 2019 en alþjóðleg útgáfa hennar fór í dreifingu á því veirunnar ári 2020 og hefur lítið verið sýnd í kvikmyndahúsum fyrr en núna.

Sæmundur segir hana þó, auk Slóvakíu, þegar hafa verið frumsýnda í Tékklandi, Þýskalandi, Asíu og Bandaríkjunum þar sem viðtökur hafi verið góðar. Þá er nýbúið að ganga frá dreifingarsamningum í Bretlandi og hinum Norðurlöndunum auk þess sem mikil kynning er fyrirhuguð á kvikmyndamarkaðnum í Cannes.■




KFC
Rétta bitamagnið
Veldu þína fötu. Allskonar í boði!
Hot Wings
Buffalo Wings
BBQ Wings
Leggja fata
Original lundir
Duo Bucket
Fjölskyldu-pakki f4
Fjölskyldu-pakki f6

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is


## Bakþankar




Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


# Gómaður

„Hvað get ég gert fyrir þig?“ spurði konan á tannlæknastofunni svo ábúðarfull að ég ákvað að bregða á sprell og sagði: „Ég held ég hafi gleymt fölsku tönnunum mínum hérna í gær.“ Konan gerir sér þá lítið fyrir, snýst á hæli og hrópar inn í tannlæknastofuna: „Angela! Hefur þú nokkuð séð góminn hans Jóns?“

Þetta var mér ægilegt áfall en þó fæ ég ekki betur séð en ég hafi nokkuð gott af uppákomum sem þessum. Þannig er mál með vexti að ég er hræðilega áhrifagjarn og vinnu minnar vegna umgengst ég mikið krakka og ungt fólk í blóma lífsins og fyrr en varir held ég sjálfan mig vera fagurgulan fífil á túni uns einhver, eins og konan á tannlæknastofunni, blæs á biðukolluna. Svo eru ranghugmyndir mínar það ásæknar að ég má ekki grípa í bassa öðruvísi en ég heyri Eric Clapton í huga mínum spyrji hvar í andskotanum ég hafi verið þegar hann stofnaði Cream. Allan þennan misskilning verður lífið síðan að uppræta svo ég fer oft á tannlæknastofuna.

En svo er náttúrlega hægt að taka Don Kíkóta á þetta og laga heiminn að órum sínum og kæra sig kollóttan um þá sem vilja rétta mann af. Rétt eins og hann gekk í hlutverk riddara, gerði rakaraskál að hjálmi og myllu að risa gæti ég gengið um bæinn í þeirri góðu trú að ég sé kornungur bassasnillingur. En hvort sem maður segir raunveruleikanum stríð á hendur eða stendur eins og biðukolla í vindi veiruleikans þá verður þú fyrr eða síðar gómaður. ■


MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN


